



Ársskýrsla 2020

Þjóðskjalasafn Íslands



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ársskýrsla 2020
Þjóðskjalasafn Íslands

Útgefandi:
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
5903300
upplýsingar@skjalasafn.is
www.skjalasafn.is

© Júní 2021 Þjóðskjalasafn Íslands

Ársskýrsla Þjóðskjalasafns Íslands 2020

Yfirlit um starfsemi



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

Ávarp Þjóðskjalavardar	5
1. Þjóðskjalasafn	6
Hlutverk Þjóðskjalasafns sem stjórnsýslustofnunar	6
Minni íslensks samfélags	6
2. Björk Ingimundardóttir hlýtur viðurkenningu Hagþenkis	7
3. Innri starfsemi	8
Stjórnarnefnd.....	8
Skipulag og stjórnun	9
Frankvæmdastjórn:.....	9
Starfsemi á árinu	9
Mannauður.....	10
Rekstrar- og efnahagsreikningur	11
Húsnæðismál	11
Grænt Þjóðskjalasafn	12
Græn skref í ríkisrekstri.....	12
Grænt bókhald.....	13
Jafnlaunavottun	13
Jafnréttismál	14
Persónuverndarfulltrúi	14
4. Viðtaka og varðveisla	15
Afhendingar pappírsskjala.....	15
Átak í skráningu og frágangi eldri einkaskjalasafna	15
Hagsögusafn.....	15
Skráning frímerkjasafns	16
Afhendingar rafrænna gagna.....	17
Grisjunarbeiðnir	17
Málalyklar og skjalavistunaráætlanir	18
Tilkynning rafrænna gagnasafna	18
Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila	18
Námskeið á haustmisseri	19
Reglur um skjalavörslu og skjalastjórn	20
Nýtt eyðublað á Ísland.is.....	20
Forvarsla	20
Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum ríkisins	21
Eftirlitsferill.....	22
5. Aðgengi og þjónusta	23
Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is	23
Útlán og notkun skjala	23
Fyrirspurnir vegna safnkosts	23
Heimsóknir á lestrarsal	23

6. Rannsóknir	25
Landsnefndin fyrri 1770–1771	25
Yfirrétturinn á Íslandi 1563–1800	26
Þjóðlendurannsóknir.....	26
7. Miðlun	28
Vefir Þjóðskjalasafns	28
Skönnunarverkefni í samstarfi við FamilySearch.....	28
Skráningarverkefni á Ísafirði	29
Heimild mánaðarins.....	29
Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – Til skjalanna.....	30
Hlaðvarpsþættir 2020.....	30
Styrjalðarárin í Þjóðskjalasafni Íslands	31
Orðabelgur	31
Facebook.....	31
Arkir	31
8. Sýningar, viðburðir og móttaka hópa	32
Við skulum tala um veðrið.....	32
Norræni skjaladagurinn	33
Vorráðstefna Þjóðskjalasafns.....	33
Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns.....	33
9. Samstarf opinberra skjalasafna	34
Styrkir til héraðsskjalasafna	35
Heimsóknir á héraðsskjalasöfn.....	35
10. Kennsla í skjalfræði	35
11. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	36
12. Viðauki 1	38
Stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára 2021–2023	38
13. Viðauki 2	40
Starfsmenn Þjóðskjalasafns 1. desember 2020	40
14. Viðauki 3	41
Afhendingar 2019	41
15. Viðauki 4	46
Útgefnar bækur og skýrslur	46
16. Viðauki 5	46
Erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns	46

ÁVARP ÞJÓÐSKJALAVARÐAR

Árið 2020 verður lengi í minnum haft vegna sérstöðu sinnar, kófsins sem lá yfir landinu og þeirra áhrifa sem það hafði á samfélagið. Verkefni ársins gengu þó í aðalatriðum vel og tókst að halda starfsemi Þjóðskjalasafns gangandi þrátt fyrir samkomutakmarkanir og aðrar ráðstafanir.

Þjóðskjalasafn starfar á tveimur meginviðum, sinnir bæði menningu og stjórnsýslu. Innri málin voru í brennidepli á þessu ári kófsins og unnið að margvíslegum umbótaverkefnum. Lestrarsalurinn, sem er andlit stofnunarinnar gagnvart almenningi, var endurbættur á árinu og var enduroppnaður 14. desember. Afgreiðsla og lestrarsalur voru þar með sameinuð. Aðbúnaður og öryggi gesta, starfsfólks og safnkosts hefur með þessu verið bætt til muna. Vinna að öðrum húsnæðismálum var einnig viðamikil viðfangsefni á árinu og unnið að greiningu á heildar húsnæðisþörf safnsins til framtíðar. Stigið var skref í varðveislumálum með að bjóða út nýjar bráðabirgðageymslur og eldri lausnir verða þar með teknar úr notkun. Umhverfismál eru brýn og fór Þjóðskjalasafn í gegnum fjögur græn skref í sinni innri starfsemi og lokaskrefið í undirbúning að fullri umhverfisvottun.



Samhliða vinnu við úrbætur í ytra umhverfi og varðveisluáðstæðum safnsins hefur verið unnið að því að taka út rafræna innviði safnsins, hvort sem þeir lúta að skráningarkerfum safnsins, miðlunarleiðum eða viðtöku rafrænna gagna. Það er verkefni næsta árs að vinna nánar úr þessum málum og leggja góðan grunn fyrir hinn stafræna veruleika samtímans. Það á jafnt við um þjónustu við notendur, stafræna miðlun, eftirlit með afhendingarskyldum aðilum og stórauðna langtímavörslu rafrænna gagna. Niðurstöður eftirlitskönnunar um stöðu skjalavörslu og skjalastjórnar hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins frá fyrri hluta ársins gefur skýrar vísbendingar um að víða þarf að taka á málum til að tryggja öryggi og langtímavörslu gagna sem enn eru úti í stofnunum. Margvísleg önnur verkefni voru á dagskrá ársins og gerð grein fyrir þeim í þessari ársskýrslu.

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður

A handwritten signature in blue ink that reads "Hrefna Róbertsdóttir". The signature is written in a cursive, flowing style.

1.

ÞJÓÐSKJALASAFN

Þjóðskjalasafn Íslands er ein af grunnstofnunum ríkisins og starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Þar er kveðið á um meginhlutverk Þjóðskjalasafns og er það í grundvallaratriðum tvíþætt; stjórnslustofna og skjalastjórn hins opinbera annars vegar og menningarhlutverk og langtímavörðveisla skjalasafna hins vegar. Tilurð skjala, meðhöndlun þeirra og varðveisla (rafræn og á pappír) er grunnþáttur sem allt annað byggist á. Þjóðskjalasafn sinnir því einni af grunnstöðum lýðræðis í landinu; tilurð, varðveislu og aðgengi að upplýsingum. Það gerir það m.a. með því að setja stjórnslustofnunni reglur með það að markmiði að tryggja upplýsingarétt og gagnsæi.

Hlutverk Þjóðskjalasafns sem stjórnslustofnunar

Sem stjórnslustofnun hefur Þjóðskjalasafn með höndum ráðgjöf til afhendingarskyldra aðila, sem og eftirlit með skjalahaldi þeirra. Í þessu skyni setur þjóðskjalavörður reglur um skjalavörslu og skjalastjórn, sem mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir. Með reglubundnu millibili gerir safnið rafrænar eftirlitskannanir á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og fylgir þeim eftir með sértæku eftirliti út frá þeim þáttum sem koma fram í niðurstöðum þeirra. Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Að auki hefur Þjóðskjalasafn eftirlit með þeim 20 héraðsskjalasöfnum sem starfandi eru á landinu. Því til viðbótar heyra undir Þjóðskjalasafn sveitarfélög á svæðum þar sem ekki eru starfandi héraðsskjalasöfn. Þjóðskjalasafn veitir aðgang að skjölum og gögnum sem það hefur í vörslu sinni á grundvelli laga, þar sem hagsmunir og réttindi borgaranna, fyrirtækja og stofnana eru höfð að leiðarljósi.

Minni íslensks samfélags

Stundum er talað um skjalasöfn og skyldar stofnanir sem „minnisstofnanir“ samfélagsins (memory institutions). Það á vel við og lýsir menningarlegu hlutverki Þjóðskjalasafns. Það varðveitir heimildir um íbúa landins, stofnanir þess, stjórnslustofnu, atvinnulíf, félagslíf og menningu frá elstu tímum til samtímans.

Rétt meðhöndlun skjala samkvæmt reglum og leiðbeiningum Þjóðskjalasafns er lykillinn að því að skjalasöfn varðveitist til framtíðar. Afhendingarskyldir aðilar, sem fara eftir lögum og reglum, ganga frá gögnum sínum til afhendingar og skila þeim inn til safnsins ásamt skráum og lýsigögnum. Skrárnar fara svo fljótt sem verða má í birtingu í skjalaskrá Þjóðskjalasafns og gögn eru afgreidd til notenda samkvæmt gildandi lögum. Einkaskjöl koma eftir öðrum leiðum og leitast er við að aðstoða þá sem afhenda þau við frágang til að skjölin verði sem best aðgengileg.

Saman mynda opinber skjöl og einkaskjöl minni íslensks samfélags. Til að tryggja langtímavörslu þessara skjala er hugað að því að varðveisluskilyrði séu eins og best verður á kosið með fyrirbyggjandi forvörslu. Styrkjandi forvörslu er líka beitt þar sem það á við, gert við mikilvæg gögn til að tryggja vörslu þeirra til framtíðar, auk þess sem skönnun og birting skjala á vef er mikilvægur hlekkur í að gera menningararfinn aðgengilegan. Skönnun skjala hefur tvíþætt markmið, að bjarga upplýsingum á gögnum sem ekki þola meðhöndlun og útlán auk þess að gera skjöl aðgengilegri almenningi í rafrænum lestarsal.

2.

BJÖRK INGIMUNDARDÓTTIR HLÝTUR VIÐURKENNINGU HAGÞENKIS

Við athöfn í Þjóðarbókhöðunni 4. mars 2020 var tilkynnt að ritverk Bjarkar Ingimundardóttur sagnfræðings, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi I–II* hlyti viðurkenningu Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Þjóðskjalasafn Íslands gaf út ritið árið 2019.

Alls voru 10 verk tilnefnd til verðlaunanna og er afar ánægjulegt að verk Bjarkar hafi orðið hlutskarpast þeirra góðu verka sem tilnefnd voru.

Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi er tveggja binda verk. Það er grundvallarrit um félagsgerð og samfélag fyrri alda, enda hefur kirkjan sinnt mikilvægu hlutverki í lífi landsmanna. Í umsögn Hagþenkis um verkið segir að það sé: „Yfirgripsmikið uppflettirit ásamt kortum sem auðveldar yfirsýn yfir sögu landsins og á eftir að nýtast í margvíslegum rannsóknum um langan aldur“.

Formaður Hagþenkis, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, veitti viðurkenninguna, sem felst í árituðu heiðursskjali og 1.250.000 kr. peningaupphæð. Tónlist við athöfnina flutti Ragnheiður Ólafsdóttir.



Svanhildur Kr. Sverrisdóttir formaður Hagþenkis veitti Björku Ingimundardóttur viðurkenninguna



Sett var upp lítil sýning í Þjóðarbókhöðunni með sýnishorni af þeim skjölum sem Björk nýtti við rannsóknir sínar

Skjalasöfn kirkna og biskupsstóla eru varðveitt í Þjóðskjalasafni og telja um 360 hillumetra. Elstu skjölin eru frá tólftu öld en þau yngstu nokkurra ára gömul. Á árunum 1985–1990 endurskráði Björk skjalasöfn presta og prófaste og vann jafnframt að rannsókn á embættunum sem skópu þau. Markmiðið var ekki síst að benda á fjölpætta möguleika til þess að nýta skjalasöfn kirkjunnar í heild, rannsaka þau og vekja athygli á skjölunum sem grundvallarheimild um fjölmörg svið samfélagsins. Auk skjalaskrárinnar sjálfar var verkefnið rannsókn á því hvar mörk sókna, prestakalla og prófastsdæma lágu og hvernig þau hafa breyst í aldanna rás. Gerð sögulega hugtakasafnsins Orðabelgs var einnig hluti verksins sem unnið var samhliða og hefur verið birt á vef Þjóðskjalasafns undir slóðinni <https://ordabelgur.skjalasafn.is/>.

Björk Ingimundardóttir fæddist árið 1943 á Hæli í Flókadal og er sagnfræðingur frá Háskóla Íslands. Hún starfaði á Þjóðskjalasafni 1971–2013 og hefur komið að útgáfu fjölda bóka. Meðal þeirra má nefna fyrsta bindi *Yfirréttarins á Íslandi, Skjalasafn landfógeta 1695–1904* og *Byggðir Borgarfjarðar*. Árið 2011 var Björk gerð að heiðursfélagi í Sagnfræðingafélagi Íslands.

Þjóðskjalasafn óskar Björku Ingimundardóttur til hamingju með viðurkenninguna.

3.

INNRI STARFSEMI

Stjórnarnefnd

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ráðuneytið skipar stjórnarnefnd safnsins sem er þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi þess.

Stjórnarnefndin veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Stjórnarnefnd er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra. Hana skipuðu frá 1. janúar 2019.

Aðalmenn:

Anna Agnarsdóttir,

formaður, skipuð án tilnefningar.

Guðmundur Jónsson, varaformaður, tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir,

tilnefnd af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

Gunnar Örn Hannesson, tilnefndur af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

Svanhildur Bogadóttir,

tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Gunnar Gíslason,

tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn:

Valur Ingimundarson,

skipaður án tilnefningar.

Erla Hulda Halldórsdóttir,

tilnefnd af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Ómar H. Kristmundsson,

tilnefndur af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

Karen Þóra Sigurkarlsdóttir,

tilnefnd af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

Jóna Símonía Bjarnadóttir,

tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ágúst Sigurðsson,

tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stjórnarnefnd fundaði tvisvar á árinu 2020, 27. maí og 2. desember í fjárfundi. Fundargerðir stjórnarnefndar eru birtar á vef safnsins.



Framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafns. Anna Elínborg Gunnarsdóttir sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs

Skipulag og stjórnun

Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands sýnir starfsemi stofnunarinnar. Meginsvið eru tvö; rekstrar- og varðveislusvið og skjala- og upplýsingasvið. Fagsviðin eru sex; upplýsingaþjónusta, eftirlit og ráðgjöf, skráning, varðveisla, miðlun og húsnæði. Nýtt skipurit tók gildi 1. september 2019. Þjóðskjalavörður og sviðsstjórar mynda framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði vikulega.

Framkvæmdastjórn:

Hrefna Róbertsdóttir,
þjóðskjalavörður

Anna Elínborg Gunnarsdóttir,
sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs

Njörður Sigurðsson,
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs


Starfsemi á árinu

Þrátt fyrir heimsfaraldur var starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands fjölbreytt á árinu 2020 og sinni það fjölmörgum verkefnum til viðbótar við hefðbundna þjónustu stofnunarinnar. Í byrjun mars gaf Þjóðskjalasafn út viðbragðsáætlun vegna heimsútbreiðslu Covid-19 til að vernda starfsfólk og lágmarka áhrif faraldursins á stofnunina. Öryggi og heilsa starfsmanna og hagsmunaðila var sett í forgang og lögð áhersla á að halda úti þjónustu eins og hægt var hverju sinni. Meginhluta árs var hluti starfsmanna í heimavinnu og stofnuninni var skipt upp í fleiri en eitt sóttvarnarhólf.

Á árinu hófst undirbúningur við að styrkja og bæta tæknilega innviði Þjóðskjalasafns Íslands. Samhliða þarfagreiningu hefur verið unnið að gerð tæknistefnu þar sem stafræn framtíðarsýn stofnunarinnar er mörkuð. Þar er sérstök áhersla lögð á tæknilegar þarfir og hvernig upplýsingatækni styður við framtíðarsýn stofnunarinnar. Í tæknistefnunni kemur fram vegvísir til framtíðar með áherslu á stafræna vegferð. Í september var gerður samningur við KPMG í framhaldi af vinnu sem unnin var fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið. KPMG var falið að vinna verkefni er styður við stafræna umbreytingu stofnunarinnar. Hlutverk KPMG

Skipurit Þjóðskjalasafns

Frá 1. september 2020





Kristinn Valdimarsson og Helga Lilja Bergmann skjalaverðir við vinnu á lestrarsal Þjóðskjalasafns

er að veita Þjóðskjalasafni ráðgjöf í tengslum við þarfagreiningu á vali á nýju skjalaskrákerfi og tengdum undirkerfum, auk aðstoðar við gerð tæknistefnu fyrir starfsemi stofnunarinnar. KPMG aðstoðar Þjóðskjalasafn við að vinna útboðslýsingu.

Seinni hluta árs var unnið að innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar og tók hún gildi 1. janúar 2021. Innleiðing vinnutímastyttingarinnar gekk vel og styður hún við bættu heilsu og líðan starfsfólks sem er ein af lykiláherslum stofnunarinnar.

Eins og undanfarin ár tók Þjóðskjalasafn þátt í könnuninni „Stofnun ársins“ og lenti í 10. sæti af 41 stofnun í hópnum „Stofnanir með 20 til 49 starfsmenn“. Heildareinkunn 4,298 miðað við 4,058 árið 2019. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um ánægju og líðan starfsmanna og leiðbeinir stjórnendum um hvar má gera betur. Starfsánægja hjá Þjóðskjalasafni hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og árið 2020 mældist hún 4,47 af 5,0 mögulegum.

Mannauður

Þjóðskjalasafn hefur á að skipa hæfu og reynslumiklu starfsfólki sem starfar á fjölbreyttum sviðum. Í árslok 2020 störfuðu 35 starfsmenn hjá Þjóðskjalasafni Íslands, þar af voru fjórir starfsmenn í hlutastörfum. Ársverk við safnið voru 33,1. Fjöldi kvenna var 16 og fjöldi karla var 19. Á árinu hættu tveir starfsmenn, þar af einn vegna aldurs. Starfsmenn safnsins búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði skjalavörslu og skjalastjórnar, sem og á sviði opinberrar

stjórnsýslu, stjórnsýslusögu og miðlunar. Meðalaldur starfsmanna í lok árs 2020 var 46,4 ár. Meðalstarfsaldur starfsmanna er um 9,8 ár og 40% starfsmanna hafa starfað hjá Þjóðskjalasafni lengur en í 10 ár. Háskólamenntaðir starfsmenn eru 91% og eru sagnfræðingar í miklum meirihluta.



Allmargir nemendur störfuðu að fjölbreyttum verkefnum innan Þjóðskjalasafns sumarið 2020. Tvö þeirra voru styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Meðal verkefna þeirra voru skráning skjalasafna, forvarsla, miðlun og rannsóknir. Neðsta röðin frá vinstri Lena Rún Frostadóttir, Freyr Snorrason, Ásgrímur Einarsson, Tinna McKaylee Atkins, Georg Gylfason, Daníel Godsk Rögnvaldsson, Kristján Frosti Bjarnason, Jóhann Gísli Ólafsson, Emil Gunnlaugsson, Indriði Svavar Sigurðsson. Á myndina vantar Atla Björn Jóhannesson

Rekstrar- og efnahagsreikningur

Samkvæmt bráðabirgðaskýrslu var afkoma Þjóðskjalasafns Íslands í heild neikvæð um 14,7 m.kr. á árinu 2020. Rekstrargjöld ársins námu 536,2 m.kr. Þar af voru tilfærslur, greiðslur til héraðsskjalasafna 30,3 m.kr. Tekjur vegna seldrar þjónustu námu 65,3 m.kr., tekjufært framlag úr ríkissjóði til héraðsskjalasafna 31,5 m.kr., styrkur vegna fjárfestingarátaks 2020 10,0 m.kr., styrkur vegna útgáfu bóka 19,5 m.kr. og aðrir styrkir 17,8 m.kr. Neikvæð afkoma í árslok er vegna endurbóta á lestrarsal og framkvæmda á lóð við Ásholt 2. Árið 2019 var jákvæð afkoma í árslok þar sem hvorki náðist að hefja endurbætur á lestrarsal eða lóð, sem áformað var það ár.

Húsnæðismál

Stærstu verkefni á húsnæðissviði árið 2020 voru framkvæmdir á lestrarsal og á lóð við Ásholt. Markmið með endurbótunum á lestrarsalnum var að bæta öryggismál, vinnuástöðu starfsmanna sem og gesta.

Í byrjun árs var hafin vinna við úttekt á öryggismálum stofnunarinnar, bæði rekstraröryggi sem og öryggi starfsmanna, viðskiptavina og safnkosts. Verkfræðistofan Lota hafði umsjón með úttektinni og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar. Í lok árs var brunaviðvörðunarkerfi stofnunarinnar uppfært. Einnig var unnið að innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri og náðist góður árangur í flokkun úrgangs. Endurvinnsluhlutfall hækkaði úr 67% árið 2019 í 89% árið 2020.

Á árinu var unnið að heildarúttekt á húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns á vegum Framkvæmda-sýslu ríkisins. Unnið var að þríþættri greiningu, bráðbirgðageymslu til næstu fimm ára, skilgreiningu þarfar fyrir varanlegt varðveisluhúsnæði og höfuðstöðvar. Hafinn var undirbúningur að fyrsta hluta verkefnisins, að finna til leigu allt að 1.200 fm skjala- og brettageymslu fyrir Þjóðskjalasafn svo tæma megi geymslur í Húsi 5, Brautarholti og í Laugarnesi. Í október var auglýst á útboðsvef Ríkiskaupa eftir geymsluhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Nokkur tilboð bárust og var unnið úr þeim í lok árs.

Rekstraryfirlit (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik
Sértekjur	-112,6	-60,2	-52,4
Laun og launatengd gjöld	359,6	325,3	34,3
Ferðir og fundir	3,5	9,2	-5,7
Rekstrarvörur	19,1	12,5	6,6
Aðkeypt þjónusta	55,9	47,8	8,1
Húsnæði	56,3	33,9	22,4
Bifreiðar og vélar	0,1	0,0	0,1
Vextir, bætur, skattar	0,2	0,1	0,1
Afskriftir	11,2	11,7	-0,5
Tilfærslur	30,3	31,5	-1,2
Framlag ríkissjóðs til héraðsskjalasafna	-31,5	-31,5	0,0
Framlag ríkissjóðs	-366,2	-368,6	2,4
Framlag til afskrifta	-11,2	-11,7	0,5
Rekstrarniðurstaða:	14,7	0,0	14,7



Unnið var að breytingum á lestrarsal Þjóðskjalasafns á árinu og hann opnaður að nýju undir lok ársins. Markmiðið var meðal annars að bæta öryggi og aðstöðu fyrir notendur og starfsmenn

Grænt Þjóðskjalasafn

Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett sér það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin fylgir lögum og reglugerðum í umhverfis- og loftlagsmálum með stöðugum umbótum að leiðarljósi og gengur jafnvel lengra þegar það á við.

Þjóðskjalasafn starfar samkvæmt grænum skrefum í ríkisrekstri og vinnur að því að uppfylla skilyrði vottaðs umhverfisstjórnunarkerfis í samræmi við ISO14001 umhverfisstjórnunarstaðalinn.

Umhverfis- og loftlagsstefna Þjóðskjalasafns Íslands tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri og varðar alla starfsmenn stofnunarinnar. Stefnan tekur til umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni, þeir eru samgöngur, úrgangur, orkunotkun, innkaup, efnanotkun og ræstipjónusta. Stefnan er rýnd árlega af framkvæmdastjórn, markmið sett, árangur mældur og upplýsingum um árangur miðlað.

Þjóðskjalasafn Íslands tengir starfsemi sína við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem voru samþykkt árið 2015. Umhverfis- og loftlagsstefnan tekur mið af heimsmarkmiðunum, með sérstakri áherslu

á markmið 8 (nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt), 11 (vistvænar samgöngur, loftgæði og úrgangur), 12 (vistvæn innkaup), 13 (stefnumótun í loftslagsmálum) og 17 (samstarfsverkefni milli opinberra aðila og einkaaðila).

Græn skref í ríkisrekstri

Seinni hluta ársins 2019 var hafin vinna við að innleiða Græn skref í ríkisrekstri og í maí 2020 fékk stofnunin viðurkenningu fyrir fjögur Græn skref. Áfram verður unnið markvisst við innleiðingu grænu skrefanna og vinna við innleiðingu á vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001:2015 er langt komin. En með því er haldið utan um markmið stofnunarinnar í umhverfis- og samgöngumálum og þær kröfur sem gerðar eru til stofnunarinnar í þeim málaflokkum.



Markvisst hefur verið unnið að því að gera Þjóðskjalasafn Íslands að umhverfisvænum vinnustað. Fræðsla til starfsmanna um umhverfismál hefur verið aukin. Rusl er flokkað á starfsstöðvum, plastglös og einota



36%
STARFSMANNA
MED SAMNING UM
VISTVÆNAN FERÐAMÁTA



89%

ENDURVINNSLUHLUTFALL

30,2%

MINNI PAPPÍRSNOTKUN

borðbúnaður eru ekki lengur notuð, ræstiefni og ræstipjónusta eru umhverfsvottuð. Innkaup á ýmsum umhverfsvottuðum vörum hefur verið aukin, aðstaða fyrir hjólandi hefur verið bætt og starfsmönnum er boðið upp á samgöngusamninga. Einnig hefur Þjóðskjalasafn hlotið gullvottun fyrir að vera hjólavænn vinnustaður.

Grænt bókhald

Síðan 2019 hefur Þjóðskjalasafn Íslands haldið grænt bókhald, þar sem teknir eru saman umhverfisþættir í starfsemi. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loflagsmálum. Í grænu bókhaldi er fylgst með þeim þáttum í starfsemi sem valdið geta neikvæðum umhverfisáhrifum. Með bókhaldinu er leitast við að tryggja að þróunin verði jákvæð. Með markvissri færslu græns bókhalds er hægt að gera sér grein fyrir eðli innkaupa og keyptu magni, hvort sem um ræðir orku eða vörur og er þannig hægt að setja fram markmið um hagræðingu og draga úr neyslu.

Fyrir árið 2020 voru sett mælanleg markmið fyrir umhverfisþættina: rafmagn, notkun ræstivara, notkun pappírs, úrgang og samgöngur. Stofnunin hefur tryggt að aðeins sé notaður umhverfsvottaður pappír, skipt er við umhverfsvottaðar prentsmiðjur og notað

umhverfsvottað hreinsiefni. Má nefna að markmið um fjölda samgöngusamninga á árinu er 20% og hefur það þegar náðst. Í september síðastliðnum höfðu 36% starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands skrifað undir samgöngusamning, þeir taka vistvænan ferðamáta fram yfir einkabílinn þegar ferðast er til og frá vinnu.

Jafnlaunavottun

Þjóðskjalasafn fékk jafnlaunavottun í byrjun árs 2019 og er í kjölfarið framkvæmd árleg jafnlaunagreining innan stofnunarinnar. Árið 2020 var niðurstaða greiningarinnar innan þeirra jafnlaunamarkmiða sem stofnunin hefur sett sér.

Stefna Þjóðskjalasafns er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn málaefnalegur launamunur sé til staðar.



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

græn SKREF

Þjóðskjalasafn Íslands

hlytur viðurkenningu fyrir að hafa tekið græn skref í rekstri



Andri Snær Magnason

Umhverfis- og auðlindaráðgjafi

UMHVERFIS
STOFNUN

© Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0825

Jafnréttismál

Jafnréttisáætlun Þjóðskjalasafns var endurskoðuð á árinu og samþykkt af Jafnréttisstofu. Um er að ræða aðra jafnréttisáætlun Þjóðskjalasafns og er hún í gildi til og með mars 2023. Í áætluninni eru sett fram fjölbætt markmið, s.s. um kynjasambættingu, launajafnrétti og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Áætlunin miðar m.a. að því að tryggja jafnan rétt starfsfólks og stuðla að jafnri stöðu og virðingu. Þá var á árinu gerð þriðja útgáfa jafnlaunastefnu sem tekur til jafnlaunakerfis stofnunarinnar.

Jafnréttisáætlun fjallar einnig um verkefni jafnréttisnefndar en verkefni hennar er að stuðla að fræðslu og skapa umræðu um jafnréttismál. Sökum samkomutakmarkanna varð að fresta viðburðum á vegum nefndarinnar, en fræðsluerindi var engu að síður haldið í september undir heitinu: Fræðsla um einelti og áreitni á vinnustað.

Jafnrétti hefur verið mælt í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Árið 2020 fékk Þjóðskjalasafni 4,58 af 5,0 mögulegum í könnuninni.

Persónuverndarfulltrúi

Fyrirtækið Dattaca Labs sinnir hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Persónuverndarfulltrúinn er óháður og sjálfstæður í störfum sínum og hlutverk hans er að hafa eftirlit með meðferð persónuupplýsinga innan safnsins.



Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður ásamt Þórunni Guðmundsdóttur, sem lauk störfum á Þjóðskjalasafni Íslands eftir rúmlega níu ára starf

4.

VIÐTAKA OG VARDVEISLA

Lögum samkvæmt á Þjóðskjalasafn að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila ríkis og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni. Pappírsskjöl á að afhenda þegar þau eru orðin 30 ára gömul en rafræn gögn að jafnaði ekki eldri en fimm ára. Þá tekur safnið við einkaskjalasöfnum, þ.e. frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum.

Afhendingar pappírsskjala

Árið 2020 tók Þjóðskjalasafn við 1.428 hillumetrum af pappírsskjölum í 381 afhendingu. Þetta er mesta magn pappírsskjala sem borist hefur á Þjóðskjalasafn frá árinu 2011. Ástæðuna má líklega rekja til þess að stærstan hluta ársins 2019 var ekki tekið við pappírsskjalasöfnum til varðveislu vegna þess að áætlanir um endurbætur á geymsluhúsnæði safnsins höfðu ekki staðist. Vegna þessa var uppsöfnuð þörf fyrir afhendingar frá afhendingarskyldum aðilum. Þessi mikla aukning á afhendingum pappírsskjala varð þrátt fyrir að lokað hafi verið fyrir afhendingar í fjóra mánuði á árinu 2020 vegna sóttvarnarráðstafana.

Heildarsafnkostur pappírsskjala í Þjóðskjalasafni í lok árs 2020 var 45.239 hillumetrar.

Átak í skráningu og frágangi eldri einkaskjalasafna

Síðla árs 2019 hófst átak í frágangi og skráningu á ýmsum einkaskjalasöfnum í Þjóðskjalasafni.

Mörg þessara safna eru dálítið snúin viðfangs í eðli sínu og oft þarf að vinna talsverða rannsóknarvinnu við skráningu þeirra. Breyttar áherslur í innra starfi safnsins og breytingar á skipuriti þess, skópu tíma og tækifæri til þess að takast skipulega á við þetta verkefni.

Það er skemmst frá því að segja að verkefnið bar góðan ávöxt, sem sést best á því, að gengið var frá 165 einkaskjalasöfnum, þau skráð og komið fyrir í vönduðum skjalaumbúðum. Geymsluskrár yfir þessi söfn munu verða birtar á vef safnsins á árinu 2021.

Hagsögusafn

Snemma árs 2020 lauk skráningu og frágangi á svokölluð Hagsögusafni.

Þetta heiti, Hagsögusafn, er safnheiti yfir fjölda safna. Safnið sjálft og hugmyndafræðin á bak við það er arfur frá gamalli tíð, er menn vildu koma upp sérstöku íslensku skjalasafni um atvinnulífið í landinu, að danskri fyrirmynd.

Hagsögusafn er samansafn skjalasafna aflagðra verslana, fyrirtækja og einstaklinga af ólíkum toga, allt frá lokum 18. aldar og fram yfir miðbik 20. aldar.

Nokkrar atrennur hafa verið gerðar að því að ganga frá þessu safni í árunna rás. Hagsögusafn er feikilega mikið að vöxtum; þúsundir skjalabóka í stöflum á 12 vörubrettum. Þar af voru rúmlega þúsund ómerktar skjalabækur og ýmis önnur skjöl með óvissan uppruna.

Það var svo á seinni hluta árs 2018 að Þjóðskjalasafn réðist í sérstakt átak í frágangi og skráningu Hagsögusafns. Um fimm starfsmenn við safnið tóku þátt í þeirri vinnu, þó ekki allir á sama tíma.

Þess má geta að skjalasöfnin í Hagsögusafni eru 336 talsins. Geymsluskrár yfir skjalasöfnin í Hagsögusafni eru aðgengilegar í skjalaskrá á vef safnsins, og skjölin sjálf er hægt að panta á lestrarsal.




Skjalasafn Sigurðar Ágústssonar, kaupmanns og útgerðarmanns í Stykkishólmi var afhent Þjóðskjalasafni á árinu. Fjölskyldan skoðar skjöl úr safninu við formlega afhendingu safnsins

Skráning frímerkjasafns

Í Þjóðskjalasafni eru varðveitt sum merkilegustu frímerkjasöfn landsins. Má þar nefna safn norska stórkaupmannsins og frímerkjasafnarans Hans Hals. Frímerkjasafn hans var keypt til Íslands árið 1946 fyrir 100.000 sænskar krónur. Safnið var afhent af Íslandspósti til Þjóðskjalasafns árið

2003 og hefur nú verið skráð og gert aðgengilegt í skjalaskrá safnsins. Með safni Hals fylgdi einnig arkasafn Íslandspósts og svokallað pósthafasafn, sem var sérstaklega búið til vegna láns á sýningar eða til annara viðlíka nota. Þá afhenti Íslandspóstur einnig hönnunargögn frímerkja. Vinna við skráningu þessara safna stendur nú yfir og mun ljúka á árinu 2021.

Afhentir hillumetrar pappírskjala 2004–2020





Á árinu kom út frímerkja þar sem minnst var starfa Landsnefndarinnar fyrri. Hönnuður þess er Þorbjörg Helga Ólafsdóttir grafískur hönnuður. Frímerkjaútgáfa Íslandspóstu hefur nú verið hætt og er frímerkið í hópi þeirra síðustu sem komu út á Íslandi

Einnig var skráð frímerkjasafn Þjóðskjalasafns, en það samanstendur af frímerktum bréfum úr skjalasöfnum sem eru varðveitt á Þjóðskjalasafni. Þar má meðal annars finna nokkurn fjölda skildingafrímerkja. Þá afhenti Þjóðminjasafn til varðveislu frímerkjasafn sitt sem einnig hefur verið skráð. Þar kennir margra grasa og má helst nefna frímerkjasafn Helga Gunnlaugssonar og Andrésar Johnson í Ásbúð.

Styrkur var veittur til Þjóðskjalasafns, Þjóðminjasafns og Skógasafns sameiginlega úr Frímerkja- og póstsögusjóði til að vinna að verkefnum tengdum póst- og samgöngusögu. Þann 1. desember stóðu þessar stofnanir fyrir

málstofu um póst- og frímerkjasögu þar sem verkefnið sem unnið var að voru kynnt. Málstofan var send út á Facebook og var yfirskrift hennar: *Póstmenn koma víða við.*

Afhendingar rafrænna gagna

Alls voru afhent 607 Gb. af rafrænum gögnum í fjórum afhendingum á árinu 2020. Þjóðskjalasafn hefur tekið við alls 44 vörsluútgáfum af rafrænum gögnum frá árinu 2010 þegar rafræn skjalavarsla hófst í safninu. Heildarsafnkostur rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni telur nú um 1.823 Gb.


Grisjunarbeiðnir

Afhendingarskyldir aðilar mega skv. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalavardar, í samræmi við reglur sem settar eru á grundvelli laganna eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Til þess að fá heimild þjóðskjalavardar fyrir eyðingu skjala þarf að sækja um hana á sérstöku eyðublaði, svokallaðri grisjunarbeiðni. Grisjunarbeiðnir eru afgreiddar af þjóðskjalaverði á afgreiðslufundum sem haldnir eru tvisvar í mánuði með ráðgjöf frá sviðsstjóra skjala- og upplýsingasviðs og fagstjóra eftirlits og ráðgjafar.




Freyr Snorrason skjalavörður vinnur að skráningu frímerkjasafna í Þjóðskjalasafni


Grisjunarbeiðnir 2020



Rafrænar vörsluútgáfur afhentar í Gb.



Samþykktir málalyklar 2008–2020



Á árinu 2020 bárust Þjóðskjalasafni 128 beiðnir um grisjun skjala og hafa þær aldrei verið fleiri á einu ári. Á árinu 2020 var eyðing heimiluð í 91 tilviki en hafnað í 9 tilvikum. Þá voru 20 beiðnir samþykktar að hluta og sex beiðnir bárust þar sem heimild var til staðar og átti því ekki við. Í lok árs 2020 voru tvær grisjunarbeiðnir sem biðu afgreiðslu.

Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Afhendingarskyldir aðilar eiga að nota málalykla til að halda skipulagi á málafni sínu og skjalavistunaráætlanir til að hafa yfirlit yfir skjalasafnið og allar ákvarðanir sem teknar hafa verið um það. Þjóðskjalasafn samþykkir notkun á málalyklum annars vegar og skjalavistunaráætlunum hins vegar samkvæmt reglum þar um. Árið 2020 voru samþykktir alls 52 málalyklar og hafa aldrei fleiri málalyklar verið samþykktir af safninu á einu ári.

Aðeins var ein skjalavistunaráætlun samþykkt á árinu. Er það í takt við fyrri ár en þá hafa aðeins ein til tvær skjalavistunaráætlanir borist til samþykktar. Það er mikið áhyggjuefni að afhendingarskyldir aðilar skuli ekki sinna þessum mikilvæga þætti í skjalavörslu og skjalastjórn.

Tilkynning rafrænna gagnasafna

Undanfari afhendinga á rafrænum gögnum er að afhendingarskyldir aðilar tilkynni rafræn gagnasöfn sem þeir nota og Þjóðskjalasafn úrskurði svo um varðveislu þeirra og hvenær afhenda skuli vörsluútgáfu gagna úr þeim. Á árinu 2020 bárust alls 59 tilkynningar um rafræn gagnasöfn og úrskurðaði safnið um 30 þeirra.


Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila

Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn, sem skjalaverðir safnsins svöruðu á árinu 2020 voru samtals 588 en voru á síðasta ári 415. Það er aukning um 42% á milli ára. Eins og fyrri ár voru langflestar fyrirspurnirnar um rafræna skjalavörslu.

166 Gb

AF RAFRÆNUM GÖGNUM AÐ MEÐALTALI Á ÁRI

Safnkostur Vörsluútgáfu rafrænna gagna í Gb 2010-2020



Þjóðskjalasafn bauð á árinu upp á námskeið fyrir afhendingarskylda aðila um helstu þætti í skjalavörslu og skjalastjórn. Ákveðið var að kenna öll námskeiðin í gegnum fjárfundabúnaðinn Microsoft Teams og voru námskeiðin gjaldfrjál. Aðsóknin að námskeiðunum var mjög góð en alls skráðu 445 manns sig á þau fimm námskeið sem kennd voru á haustmisseri 2020.

Námskeið á haustmisseri

13. október – Hverju má henda? Um grisjun skjala.

20. október – Skráning mála og málsgagna.


3. nóvember – Rafræn skjalavarsla. Tilkynning rafrænna gagnasafna til Þjóðskjalasafns.

17. nóvember – Hvað á að gera við tölvupóstinn? Um varðveislu og eyðingu á tölvupósti.

1. desember – Pappírslaus skjalavarsla og skjalastjórn. Hvað þarf til?

Þá var gefið út eitt nýtt fræðslumyndband um grisjun skjala og þrjú myndbönd frá vörðstefnu Þjóðskjalasafns um niðurstöður eftirlitskönnunar á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins 2020. Undir lok árs 2020 voru myndbönd á Youtube-rás Þjóðskjalasafns orðin 28 talsins.

Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn árið 2020



Skjalafréttir, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn, hefur komið út frá árinu 2014. Áskrifendur undir lok ársins voru 506 en út komu 22 tölublöð og hafa þau aldrei verið fleiri á einu ári. Útlit *Skjalafrétt*a var jafnframt uppfært á árinu.

Reglur um skjalavörslu og skjalastjórn

Á árinu 2020 voru settar tvær nýjar reglur um skjalavörslu og skjalastjórn. Annars vegar tóku gildi 15. apríl reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila (nr. 331/2020). Reglunum er ætlað að tryggja góða og vandaða meðferð á tölvupóstum og að mikilvægar upplýsingar um athafnir og ákvarðanir afhendingarskyldra aðila varðveitist. Með setningu regnanna er afhendingarskyldum aðilum heimilt að eyða tölvupóstum skv. skilyrðum sem koma fram í 3. gr. regnanna. Unnið er að leiðbeiningum með reglunum og er stefnt að útgáfu þeirra á næstunni.

Hins vegar tóku gildi 1. október reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila (nr. 877/2020). Frá sama tíma féllu úr gildi tvær eldri reglur frá 2010 um tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum. Um er að ræða þýðingu og staðfæringu á reglum sem Ríkisskjalasafn Danmerkur setti um tilkynningu rafrænna gagnasafna árið 2013 en Þjóðskjalasafn styðst við aðferðarfræði þess við varðveislu rafrænna gagna.



Skjalafréttir

Nýtt eyðublað á Ísland.is

Þjóðskjalasafn tók í notkun þjónustu umsóknarkerfi Íslands.is fyrir eyðublöð safnsins á árinu. Fyrsta eyðublaðið sem varð að fullu rafrænt var fyrir tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila samkvæmt reglum nr. 877/2020. Unnið var að því að koma fleiri eyðublöðum safnsins inn í þjónustu Íslands.is, s.s. afhendingarbeiðni fyrir pappírsskjöl og grisjunarbeiðni.

Forvarsla

Á árinu var hafist handa að gera varðveislúttekt í geymslum Þjóðskjalasafns. Slíkar úttektir eru mikilvægar til að átta sig á hver staða varðveislu er á söfnum og hvernig á að forgangsraða verkefnum í forvörslu. Úttektin leiddi í ljós að gera þarf bragarbót í nokkrum geymslum sérstaklega hvað varðar umbúðir og frágang. Í framhaldi var hafist handa við að koma skjalabókum í sérsniðnar umbúðir og mun það verkefni halda áfram næstu misserin. Það verkefni var mestmegnis í höndum Ásgríms Einarssonar sem var sumarstarfsmaður en leggur stund á meistaranám í forvörslu.

Úttektin leiddi einnig í ljós að geymsla sem varðveitir að mestu teikningar stenst ekki kröfur. Byrjað var að skipta um umbúðir á teikningum í því rými og þær fluttar yfir í aðra og betri geymslu. Annað reglubundið verkefni forvörslu er að sinna eftirliti í geymslum t.d. með skordýravöktun og umhverfismælingum (hita- og rakastigi). Raka- og hitamælum var komið fyrir í öllum geymslum í húsi 2 og eru nú komnir rakamælur í flestar geymslur Þjóðskjalasafns.

Á árinu var hafist handa við ástandsskoðun á tveimur söfnum: Skjalasafni Íslensku stjórnardeildarinnar og skjalasafni Landfógeta og mun það verkefni halda áfram næsta ár.



Karen Þóra Sigurkarlsdóttir fagstjóri forvörslu, við vinnu sína á forvörsluverkstæði Þjóðskjalasafns



Bókapressa á forvörsluverkstæði Þjóðskjalasafns

Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum ríkisins

Í upphafi árs 2020 framkvæmdi Þjóðskjalasafn rafræna eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins. Í júní var gefin út skýrsla með niðurstöðum úr könnunni. Skýrslan var prentuð og send öllum afhendingarskyldum aðilum ríkisins en hún er einnig aðgengileg á vef safnsins. Í skýrslunni eru upplýsingar um könnunina, tölulegar niðurstöður og umfjöllun um helstu ályktanir og niðurstöður. Þar eru einnig tillögur til úrbóta og nefnt hver gætu verið næstu skref í skjalamálu ríkisins. Frá árinu 2012 hafa slíkar eftirlitskannanir verið gerðar á fjögurra ára fresti.

Niðurstöður eftirlitskönnunarinnar gefa til kynna að skjalavarsla og skjalastjórn ríkisins í heild fari stöðugt batnandi miðað við fyrri eftirlitskannanir sem gerðar voru árin 2012 og 2016. Störfum skjalastjóra hefur fjölgað og óheimil eyðing gagna er nánast úr sögunni. Þó er enn víða pottur brotinn í skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins. Aðbúnaður í geymslum er ekki nægilega góður og meðferð á tölvupóstum er ábótavant. Þá er enn hluti afhendingarskyldra aðila ríkisins sem sinnir ekki skjalavörslu og skjalastjórn í samræmi við lög. Tilteknir hópar ríkisstofnana standa illa er kemur að því að uppfylla lög og reglur sem lúta að skjalavörslu og skjalastjórn. Þar má einkum nefna heilbrigðisstofnanir, dómstóla og lögregluembætti.

Alvarlegt er hve rafræn skjalavarsla ríkisins er skammt á veg komin. Samkvæmt könnuninni eru um 1.400 rafræn gagnasöfn í notkun hjá ríkinu en Þjóðskjalasafn hefur aðeins fengið upplýsingar um 20% þessara gagnasafna og gögn úr 3% þeirra hafa verið afhent til varðveislu á safnið, eða gögn úr 44 rafrænum gagnasöfnum. Ein afleiðing þess að ríkið hafi ekki hugað að varðveislu rafrænna gagna af nægilegum krafti er sú að miklu meira af pappírsskjölum er nú hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins en í fyrri könnunum. Önnur afleiðing og alvarlegri er sú að mikilvægar upplýsingar ríkisins geta tapast vegna þess að ekki er hugað að varðveislu rafrænna gagna. Til þess að koma þessum málum í betri farveg er mikilvægt að ríkið í heild setji sér markmið um að innan fárra ára verði það að mestu komið í rafræna skjalavörslu og pappírsskjalavarsla víki.



Ný skýrsla um skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins

Eftirlitsferill

Á árinu var unnið að undirbúningi markvissara eftirlits af hálfu Þjóðskjalasafns með því að skilgreina alla þætti skjalavörslu og skjalastjórnar er lúta reglum og lögum, gera áhættumat og vinna að ferlum eftirlits. Unnið var að áhættumati þar sem lagt var mat á hversu líklegt væri að allt færi á versta veg og þá hversu miklum skaða það myndi valda.

Jafnframt var útbúinn ferill fyrir skipulegar eftirlitsheimsóknir, sem áætlað var að hæfust haustið 2020, en vegna kórónuveirufaraldursins varð að fresta þeim. Í eftirlitsheimsóknunum mun verða byggt á niðurstöðum eftirlitskönnunar hverju sinni og hluti afhendingarskyldra aðila heimsóttur árlega. Dagsetning heimsóknar verður ákveðin í samráði við hvern afhendingarskyldan aðila. Í eftirlitsheimsókn er skjalavarsla og skjalastjórn afhendingarskylds aðila könnuð eftir fyrirfram ákveðnum spurningalista og felst eftirlitið bæði í því að spyrja spurninga og skoða hvernig skjalamálið er háttað á starfsstöðvum. Unnin verður ítarleg skýrsla um úttektina og hún send til yfirlestrar. Þar kemur fram niðurstaða

úttektarinnar ásamt tilmælum og/eða kröfum um úrbætur. Afhendingarskyldur aðili hefur tækifæri til að gera athugasemdir og tekið er tillit til þeirra eins og við á. Lokaeyntak skýrslu verður birt á vef Þjóðskjalasafns.

5.

AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is

Í skjalaskrá Þjóðskjalasafns, sem er aðgengileg öllum á vef safnsins, er að finna upplýsingar um safnkostinn. Enn er einungis hluti safnkostsins skráður í rafrænu skjalaskrána og er stöðugt unnið að því að koma inn eldri skrár en allar nýjar skrár eru þar aðgengilegar. Á árinu 2020 voru 277 skjalasöfn skráð í rafræna skjalaskrá safnsins sem töldu um 37.129 skjalaöskjur. Má að stórum hluta rekja þessa fjölgun til þess að endurbættar voru margar skjalaskrár sýslumanna sem eru umfangsmikil skjalasöfn. Færslur í innri skjalaskrá safnsins voru undir lok árs 2020 um 1.070.000 talsins. Í ytri skjalaskrá safnsins eru birtar skjalaskrár fyrir almenning, sem hafa verið yfirlesnar með tilliti til persónuverndarsjónarmiða og var fjöldi færslna í henni um 970.000 í lok árs.

Þjóðskjalasafn rekur vefinn Einkaskjalasafn.is – samskrá yfir einkaskjalasöfn, en vefurinn er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og héraðsskjalasafna. Á vefnum birtir 21 vörslustofnun upplýsingar um einkaskjalasöfn í vörslu þeirra. Undir lok árs 2020 voru birtar upplýsingar um 8.281 einkaskjalasafn á vefnum, þar af 2.132 frá Þjóðskjalasafni.



Bifreið var tekin í notkun til að auðvelda flutninga skjala milli bygginga Þjóðskjalasafns


Útlán og notkun skjala

Árið 2020 voru 5.312 skjalaöskjur pantaðar úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal, til innanhússnota eða vegna láns til skjalamyndara. Er það fækkun frá fyrra ári þegar pantaðar voru 5.915 öskjur sem má rekja til lokunar á lestrarsalnum vegna sóttvarnarráðstafana.

Fyrirspurnir vegna safnkosts

Skjalaverðir Þjóðskjalasafns svara fjölbreyttum fyrirspurnum frá viðskiptavinum sem leita upplýsinga í safnkostinum. Fyrirspurnir geta verið mismunandi að umfangi, allt frá einfaldri uppflettingu í gögnum til umfangsmeiri og flóknari vinnu. Skriflegar fyrirspurnir árið 2020 vegna safnkosts voru 1.857 talsins og er það fjölgun frá fyrra ári um 19%. Svo virðist sem að lokun á lestrarsalnum vegna sóttvarnarráðstafana hafi leitt til fjölgunar skriflegra fyrirspurna til safnsins.

Fjöldi askja í útlán 2016–2020






Vegna framkvæmda við lestrarsal var aðstaða fyrir safngesti tímabundið flutt í Viðey, fyrirlestrasal Þjóðskjalasafns

Skráðar fyrirspurnir	2019	2020
Veðmálabækur	322	350
Vottorð um námsferil	54	86
Samgöngur og farartæki	24	34
Atvinnuvegir	23	21
Bygginga- og skipulagsteikningar	92	111
Skattaskýrslur	67	83
Beiðnir um aðgang	229	268
Útlán (skjalamyndarar, millisafnalán o.fl.)	47	30
Almennar fyrirspurnir	248	379
Kirkjubækur/sóknarmanntöl	81	104
Jarðir og landeignir	81	95
Aðrar beiðnir	19	32
Sögulegir atburðir	13	7
Einstaklingssaga/æviþættir	124	149
Skipa- og lögskráningar	39	48
Margþættar fyrirspurnir	100	60
Samtals	1563	1857

Heimsóknir á lestrarsal

Á lestrarsal Þjóðskjalasafns eru afgreiddar skjalaöskjur sem gestir safnsins hafa óskað eftir að fá að skoða. Lestrarsalurinn var opinn alla virka daga ársins frá kl. 10 – 17 mánudaga til fimmtudaga og kl. 10 – 16 á föstudögum. Á árinu 2020 var lestrarsalurinn lokaður vegna sóttvarnarráðstafna frá 24. mars til og með 3. maí og aftur 8. október til og með 14. desember 2020. Því sóttu umtalsvert færri lestrarsalinn en undanfarin ár. Alls sóttu 1.176 gestir lestrarsalinn árið 2020 en 2.346 árið 2019. Gestum fækkaði því um 1.170 á milli ára eða um 50% frá fyrra ári.

Gestafjöldi í lestrarsal 2016–2020



6.

RANNSÓKNIR

Landsnefndin fyrri 1770–1771

Vinnu var haldið áfram við útgáfu á skjölum Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 og kom fimmta bindi verksins út í lok október. Þetta er stór heimildaútgáfa í sex bindum þar sem allt skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri verður gefið út. Landsnefndin dvaldi á Íslandi frá sumri 1770 og fram á haust 1771 og safnaði víðtækum upplýsingum um aðstæður í landinu og er þannig grundvallarheimild um lífið á Íslandi á seinni hluta 18. aldar.

Í þessu fimmta bindi eru birtar embættisbækur nefndarinnar, svo sem bréfabók, fundagerðabækur og greinargerðir sem nefndarmenn rituðu, auk viðamikils uppkasts að almennri landsagatilskipun fyrir Ísland sem Þorkell Fjeldsted, einn nefndarmanna tók saman. Þetta er fyrra bindið af

tveimur með skjölum og gögnum nefndarinnar sjálfrar. Í fyrstu fjóru bindunum var birt efni sem nefndinni barst frá Íslendingum á meðan hún dvaldist í landinu. Síðasta bindið sem er útkomið inniheldur ýmis vinnugögn nefndarinnar, útdrætti úr innsendum bréfum og greinargerðum og drög að nýjum tilskipunum.

Auk þess er birt í bindinu ein fræðigrein eftir Helgu Hlín Bjarnadóttur sagnfræðing og skjalavörð á Þjóðskjalasafni sem fjallar um uppkast Þorkels Fjeldsteds að nýrri landsagatilskipun fyrir Ísland og setur hana í samhengi við íslenskt 18. aldar samfélag. Verkefnið er unnið í samvinnu við Sögufélag og Ríkisskjalasafnið í Danmörku og nýtur góðs styrks frá Augustinusfonden í Danmörku.



Fimmta bindi skjala Landsnefndarinnar fyrri kom út á árinu



Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir verkefnastjóri heimildaútgáfu í Þjóðskjalasafni Íslands

Yfirrétturninn á Íslandi 1563–1800

Á árinu var að nýju hafist handa við umfangsmikið útgáfuverkefni sem er heildarútgáfa á skjölum og dómum Yfirréttarins á Íslandi. Yfirrétturninn var æðsta dómstig landsins og var starfandi á Þingvöllum frá 1563–1800 eða þar til Alþingi var lagt niður árið 1800 og Landsyfírréttur stofnaður. Eitt bindi með dómum og skjölum Yfírrettarins kom út 2011 með styrk frá Alþingi en útgáfan hafði legið niðri síðan þá.

Þann 18. nóvember 2019 samþykkti Alþingi með þingsályktun að halda áfram að styrkja verkefnið í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar Íslands 2020

og fela forseta þingsins að ganga til samstarfs við Þjóðskjalasafn Íslands og Sögufélag um útgáfuna. Samningur til næstu tíu ára var undirritaður í Þjóðskjalasafni 7. maí 2020. Með honum er fjármagn tryggt til að ljúka verkinu. Vinna við útgáfuna hófst strax við undirritun samningsins en stór hluti skjalanna lá þegar fyrir í uppskriftum. Áætlað er að gefa út eitt bindi á ári frá 2021 til 2029 og ætti þá útgáfu á öllum dómum og málskjölum Yfírrettarins sem varðveist hafa að vera lokið. Tíunda bindi ritraðarinnar verður helgað aukalögþingum og verður gefið út árið 2030.

Skjöl Yfírrettarins eru afar merkar heimildir um mannlíf og samfélag á Íslandi á því tímabili sem hann starfaði, bæði um sögu Yfírrettarins sjálfs og réttarfars í landinu en einnig fólksins sem kom fyrir réttinn og sagði frá lífi sínu og kjörum. Útgáfan mun auka aðgengið að þessum áhugaverðu heimildum til muna.

Þjóðlendurannsóknir


Vegna málsmeðferðar hjá Óbyggðanefnd var unnið að gagnaöflun í Þjóðskjalasafni um svæði 10C, Barðastrandarsýslur. Gagnaöflun náði til 58 jarða en kröfum á svæðinu var skipt í fjögur mál, þ.e. mál nr. 1: Bæjarbjarg, mál nr. 2: Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps, mál nr. 3: Skálmardalsheiði og mál nr. 4: Hvannahlíð. Við gagnaöflun Þjóðskjalasafns voru tekin saman 953 skjöl um viðkomandi jarðir, öll mynduð og flest öll



Samningur um útgáfu dóma og skjala Yfírrettarins undirritaður



Steinunn Steinþórsdóttir starfsmaður við afritun, skráir upplýsingar í dómabókagrunn Þjóðskjalasafns



Landamerkjabréf Brjánslækjar frá 1. júlí 1855 hafði umtalsverða þýðingu í úrskurði óbyggðanefndar um mál nr. 2/2020: Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps. Afskriftn er varðveitt í bréfasafni biskups Þl. Bps. C. V, 129

skrifuð upp. Sömu leiðis voru rannsökuð á annað þúsund önnur skjöl og upplýsingar teknar saman um þau. Formlegri gagnaöflun Þjóðskjalasafns um svæðið lauk í júlí, en einstakar fyrirspurnir með frekari gagnaöflun héldu áfram yfir á seinni hluta ársins og lauk í desember. Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns um svæðið er um 460 bladsíður að lengd. Úrskurðir óbyggðanefndar um kröfur á svæði 10C voru kveðnir upp í desember og eru aðgengilegir á vefsíðu nefndarinnar.

Á seinni hluta ársins var hafist handa við að afla gagna vegna svæðis 10B, Ísafjarðarsýslur. Rannsóknin nær til rúmlega 240 jarða og svæða innan Ísafjarðarsýslna, en formlegri gagnaöflun um svæði 10B lýkur seint á árinu 2021.

Mikilvægur undirbúningur að gagnaöflun þjóðlendurannsókna er efnisskráning heimilda. Þar er eitt stærsta verkefnið efnisskráning dóma- og þingbóka sýslumanna. Í gagnagrunn dóma- og þingbóka voru á árinu skráðar ríflega 10.000 færslur úr tæplega 60 bókum. Unnið er að því að gera þessar færslur aðgengilegar á heimildavef Þjóðskjalasafns, en dómabókagrunnurinn samanstóð af rúmlega 140.000 færslum í lok árs. Annað veigamikið skráningarverkefni lýtur að efnisskráningu jarða- og kirknaskjala. Skráning jarðaskjala er á lokametrunum en líklegt er að fullkláraðar skrár yfir bæði söfnin verði tilbúnar á seinni hluta árs 2021.

7.

MIDLUN

Vefir Þjóðskjalasafns

Veruleg aukning var á árinu í notkun vefja Þjóðskjalasafns. Notendum fjölgaði á öllum helstu vefjum og er sérstaklega áberandi að notkun á heimildavefjum jókst verulega. Með heimildavefum er átt við þá vefi og leitarvélar sem birta heimildir safnsins, svo sem kirkjubækur og eldri dómabækur. Má vera að takmarkanir á aðgengi að lestrarsal hafi leitt af sér aukna notkun, en á hinn bóginn er ljóst að fjölgun heimilda á vefnum mun leiða það af sér að fleiri munu nýta sér vefi safnsins til heimildaleitar.


Skönnunarverkefni í samstarfi við FamilySearch

Í ársbyrjun 2019 hófu hjónin Allan og Cindy Lee störf við stafræna afritun í Þjóðskjalasafni Íslands samkvæmt samningi safnsins við FamilySearch. Þau störfuðu hér allt árið 2019 og ráðgerðu að ljúka vinnu sinni hér í maílok 2020. Vegna kórónuveirufaraldursins urðu þau að hætta störfum fyrr og unnu sinn síðasta vinnudag 12. mars 2020.

Yfirlit um stafræna afritun á árinu 2020	
Fermingarskýrslur	22,621
Manntalsgjaldabækur	18,759
Manntalið 1870	782
Skiptabækur	5,934
Skiptaskjöl	17,065
Vesturfaraskrár	241
Æfir lærðra manna	10,576
Hernámsgögn	9,850
Myndir alls	85,828
Síður alls (áætlað)	151.000

Á árinu 2020 var lokið við skönnun fermingarskýrslna og safnrítsins *Æfir lærðra manna* auk þess sem afritun gagna úr sýslusöfnum lauk, að frátöldum gögnum frá embætti Borgarfógetans í Reykjavík

Notendur á vefum skjalasafnsins



Skráningarverkefni á Ísafirði

Frá árinu 2011 hefur Þjóðskjalasafn staðið fyrir skráningarverkefni í samvinnu við Héraðs-skjalasafnið á Ísafirði. Starfsfólk á Ísafirði hefur einkum unnið að skráningu sóknarmannatala sem birt verða á vefnum <http://salnaregistur.manntal.is/>.

Vinna skráningarfólksins á Ísafirði nam um tveimur stöðugildum. Nú er lokið innslætti sóknarmannatala úr Eyjafjarðarsýslu og er því lokið skráningu sóknarmannatala í Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjasýslum og Múlasýslum, en hluti þessara gagna bíður þess að fara á vefinn. Með innslætti á sóknarmannatölum verður til leitarbær gagnagrunnur sem mun auðvelda verulega notkun á þessum mikilvægu heimildum.

Jafnframt var unnið að innslætti á nokkrum af eldri skjalaskráum Þjóðskjalasafns sem eingöngu voru til á pappírformi. Er það gert til að hægt sé að koma skráningu safnanna inn í rafræna skrá safnsins.

Heimild mánaðarins

Heimild mánaðarins er birt á vef safnsins og auglýst á facebook-síðu þess. Þar er varpað ljósi á einstakar heimildir bæði til gagns og gamans. Gott heimildasafn stuttra greina um fjölbreytt efni sem varðveitt er í safninu er nú komið á vefinn. Frá upphafi hafa á annað hundrað slíkra umfjallanna verið birtar á vefnum og eru allar aðgengilegar á vef safnsins.

Heimild mánaðarins árið 2020		
Mánuður	Höfundur texta	Titill
Janúar	Unnar Rafn Ingvarsson	Fálkaorðuhafinn Katrín Sigríður Magnússon.
Febrúar	Gunnar Örn Hannesson	Bálfarafélag Íslands.
Mars	Njörður Sigurðsson	Stjórnarskráin 1874.
Apríl	Njörður Sigurðsson	Brú yfir Ölfusá.
Mái	Þórunn Guðmundsdóttir	Um samskiptin milli ábúenda Drangshlíðar, Skóga og Skarðshlíðar.
Júní	Gísli Baldur Róbertsson	Hinn gleymdi sonur Skúla Magnússonar landfógeta.
Júlí	Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	Greiðir fyrir leit að eigin líki.
Ágúst	Unnar Rafn Ingvarsson	Heimferð Íslendinga frá Petsamo.
September	Gísli Baldur Róbertsson	Banvæn glímutök í upphafi 18. aldar.
Október	Gunnar Örn Hannesson	Líkræður og eftirmæli frá 17. og 18. öld.
Nóvember	Unnar Rafn Ingvarsson	Persónulegt trúnaðarmál – njósnir á Íslandi.
Desember	Gísli Baldur Róbertsson	Dauðs manns gröf opnast – Draugasaga frá 17. öld.



Merki hlaðvarps Þjóðskjalasafns

Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – Til skjalanna

Síðari hluta árs var ákveðið að Þjóðskjalasafn stæði fyrir gerð hlaðvarpsþátta þar sem markmiðið er að fjalla um starfsemi safnsins en einnig að ræða við ýmsa þá sem nýta sér þjónustu þess. Árið 2020 voru sendir út sex þættir og var þar fjallað um fjölbreytt efni. Ríflega 600 manns höfðu hlýtt á þættina undir lok árs sem telst vel viðunandi árangur á aðeins tæplega þremur mánuðum.

Hlaðvarpið er hægt að nálgast á heimildavef Þjóðskjalasafns **heimildir.is** eða á helstu hlaðvarpsveitum undir heitinu: Til skjalanna.

Hlaðvarpsþættir 2020

Þjóðskjalavörður hefur orðið.

Rætt við Hrefnu Róbertsdóttir þjóðskjalavörð um starfsemi safnsins.

Landsnefndin 1770–1771.

Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir og Helga Hlín Bjarnadóttir ræða um Landsnefndina fyrri.

Raddir frá liðnum tíma.

Bjarki Sveinbjörnsson fjallar um björgun hljóðs af gömlum upptökum.

Stormhúfa og harmóníka.

Um hagsögusafn Þjóðskjalasafns. Gunnar Örn Hannesson og Jón Torfi Arason fjalla um skráningu á hagsögugögnum.

Í hers höndum.

Rætt við sagnfræðinemanna Atla Björn Jóhannesson og Daníel Godsk Rögnvaldsson um verkefni sem fól í sér að gera gögn frá síðari heimsstyrjöld aðgengileg.

Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins.

Pétur Ármannsson arkitekt ræðir um Guðjón og verk hans.



Njörður Sigurðsson sviðsstjóri ræðir við Bjarka Sveinbjörnsson fagstjóra hjá Landsbókasafni Íslands - háskólabókasafni við upptöku hlaðvarpsþátta



Ýmis skjöl voru gerð aðgengileg á vefnum í nýsköpunarverkefni sem unnið var á árinu

Styrjaldarín í Þjóðskjalasafni Íslands

Sumarið 2020 unnu sagnfræðinemarnir Daníel Godsk Rögnvaldsson og Atli Björn Jóhannesson að flokkun, skráningu og miðlun gagna í Þjóðskjalasafni sem tengjast síðari heimsstyrjöld. Markmiðið var að gera þessa gagnaflokka aðgengilegri fyrir almenning. Nú eru meira en 80 ár liðin frá upphafi heimsstyrjaldarinnar og því eru þau gögn sem urðu til á þeim tíma nú opin öllum óháð innihaldi. Það þótti því afar mikilvægt að skrá gögnin betur þar sem líkur eru á að mikil ásókn verði í þau af almenningi og fræðimönnum. Styrkur fékkst til verksins frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sem skipti sköpun fyrir framkvæmd verkefnisins.

Lögð var áhersla á ítarskráningu og skönnun á gögnum sem bárust Þjóðskjalasafni frá utanríkisráðuneytinu árið 1967. Þar eru margvísleg mikilvæg gögn sem fjalla um Ísland og Íslendinga í styrjöldinni.

Að lokinni skráningu var talvert magn skjala skannað og birt á vefsíðu safnsins og eru þar gerð aðgengileg margvísleg merkileg skjöl sem ekki hafa áður komið fyrir almenningssjónir.

Orðabelgur

Í maímánuði var vefurinn Orðabelgur – Sögulegt hugtakasafn Þjóðskjalasafns Íslands opnaður og er hann aðgengilegur á vefslóðinni



Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Björk Ingimundardóttir fyrrverandi skjalavörður við opnun Orðabelgs

ordabelgur.skjalasafn.is Orðabelgur er safn hugtaka, orða, skammstafana og tákna sem Björk Ingimundardóttir sagnfræðingur og fyrrverandi skjalavörður hefur dregið saman og skýrt. Flest tengist efni Orðabelgs heimildum kirkjunnar en fyrirhugað er að hann muni í framtíðinni stækka og efni hans verði fjölbreyttara. Orðabelgur verða þannig alhliða leitarvél yfir ólíka þætti stjórnsýslunnar og þar muni margir leggja orð í belg.

Facebook

Eins og undanfarin ár hefur Þjóðskjalasafn miðlað margvíslegu efni á samfélagsmiðlun. Einkum hefur Facebook reynst safninu notadrjúg til að koma upplýsingum á framfæri og miðla fjölbreyttu efni til áhugasamra. Um 3300 manns fylgdu Þjóðskjalasafninu á facebook undir lok ársins 2020. Á Twitter reikningi Þjóðskjalasafns er efni og fróðleik einnig miðlað með reglulegum hætti.

Arkir

Á árinu hóf nýtt fréttabréf Þjóðskjalasafns göngu sína. Fréttabréfið ber heitið *Arkir*. Í því eru fluttar fréttir af nýjum og áhugaverðum skjalasöfnum sem borist hafa til safnsins og fjallað um ýmislegt sem snýr að safnkostinum, t.d. varðandi miðlun efnis og fleira fréttæmt. Arkir eru sendar áskrifendum í tölvupósti og komu úr þjú tölublöð.

8.

SÝNINGAR, VIÐBURÐIR OG MÓTTAKA HÓPA

Við skulum tala um veðrið

Að venju fór Safnanótt fram í byrjun febrúar og var dagskrá safnsins haldin í samvinnu við Veðurstofu Íslands sem fagnaði 100 ára afmæli á árinu. Fjallað var um fjölbreytt efni sem tengist veðri, jöklum, eldgosum og skriðuföllum. Sérfræðingar Veðurstofunnar fluttu fyrirlestra og Þjóðskjalasafn sýndi margvísleg skjöl varðandi umfjöllunarefnið.

Erindi fluttu:

Oddur Sigurðsson jarðfræðingur. Um jökla, breytingar og horfur.

Guðrún Nína Petersen veðurfræðingur.


Veðurspár og framþróun á 100 árum.

Kristín Björg Ólafsdóttir sérfræðingur.

Árni Thorlacius og veðurathuganir í Stykkishólmi frá 1845.

Trausti Jónsson veðurfræðingur.

Vandræðaveðurlag þá og nú.



Veðurkort frá 16. september 1936. Þann dag fórst franska hafrannsóknaskipið Pourquoi Pas? við Mýrar



Gestum á Safnanótt voru sýnd ýmis merkileg skjöl úr fótum safnsins


Norræni skjaladagurinn

Norræni skjaladagurinn var að þessu sinni einungis haldinn í netheimum vegna sóttvarna. Boðið var upp vefsýningu undir yfirskriftinni: *Hernumið land*. Þar var fyrst og fremst til umfjöllunar heimildir um hernámið og síðari heimsstyrjöld. Allmörg söfn tóku þátt í að senda efni á vef skjaladagsins: www.skjaladagur.is en starfsfólk Þjóðskjalasafns sá um birtingu efnisins að venju. Ánægjulegt er að fjölgun hefur orðið meðal gesta sem heimsækja síðuna en árið 2020 voru ríflega 6300 manns sem heimsóttu hana.

Vorráðstefna Þjóðskjalasafns

Vorráðstefna Þjóðskjalasafns var haldin í annað sinn á árinu 2020. Vorráðstefnan var með nokkuð breyttu sniði þetta árið. Upphaflega stóð til að halda vorráðstefnuna í maímánuði en nauðsynlegt var að fresta henni vegna sóttvarnarráðstafna. Vorráðstefnan var svo haldin 15. september og fór hún eingöngu fram á vefnum og var hún send út í beinni útsendingu á Facebook-síðu Þjóðskjalasafns.

Dagskrá ráðstefnunnar að þessu sinni var tileinkuð kynningu á niðurstöðum úr eftirlitskönnun



Frétt RÚV frá 10. maí 1940 þegar Ísland var hernumið

Þjóðskjalasafns á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins árið 2020 og viðbrögðum Þjóðskjalasafns við henni. Skýrsla með niðurstöðunum var gefin út í júní síðastliðnum og er aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns. Frummælendur voru Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, Árni Jóhannsson skjalavörður og S. Andrea Ásgeirsdóttir sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu. Um 140 manns fylgdust með beinu útsendingunni á Facebook-síðu safnsins. Uppþökur af fyrirlestrunum voru gerðar aðgengilegar á Facebook-síðu og Youtube-rás Þjóðskjalasafns strax að lokinni ráðstefnunni. Uppsafnað áhorf á viðburðinn voru 1.200 manns.

Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns

Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns var haldinn í byrjun desember. Enn settu sóttvarnarráðstafanir strik í reikninginn og var dagurinn því með óvanalegu sniði, en hann var sendur út beint á Facebook. Umfjöllunarefnið var um hagsögu- gögn í Þjóðskjalasafni Íslands í tilefni af því að skráningu svokallaðrar Hagsögudeildar Þjóðskjalasafns lauk á árinu og skjalaskrár þess mikla safns nú orðnar aðgengilegar í skjalaskrá safnsins. Fjallað var um gögnin frá ýmsum hliðum, bæði af þeim Gunnari Erni Hannessyni fagstjóra skráningar og Jóni Torfa Arasyni skjalaverði, sem bar hitann og þungann af skráningavinnunni undir það síðasta. Þá var sérstakur gestur, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri, sem fjallaði um mikilvægi slíkra heimilda, hversu þarfar þær væru í nútíma hagfræði og mikilvægi þess að stunda rannsóknir á þessum safnkosti.

Uppsafnað áhorf á viðburðinn voru 470 manns, sem þætti afar gott ef slíkur viðburður yrði með hefðbundnu sniði.

9.

SAMSTARF OPINBERRA SKJALASAFNA

Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, hafa með sér ýmiskonar samstarf. Vegna Covid-19 féll niður vorfundur opinberra skjalasafna sem er haldinn á ári hverju.

Styrkir til héraðsskjalasafna vegna skönnunar og miðlunar		
Verkefnastyrkur 2020	Verkefni	Upphæð
Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Héraðsskjalasafnið Neskaupstað	Stafræn afritun hrepps bóka af Austurlandi	1.500.000
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	Bækur Hofs- og Borgarhafnarhrepps	1.200.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Sveitablöð í Skagafirði III. áfangi Handrit Sölva Helgasonar	1.500.000
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	Gjörðabækur sveitarstjórna	1.200.000
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	Miðlun bréfabóka	900.000
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	Skönnun og miðlun vélritaðra fund-agerðabóka nefnda, ráða og stjórna borgarinnar (framhaldsverkefni)	1.000.000
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	Ljósmyndun og miðlun elstu skjala Borgarskjalasafns Reykjavíkur (framhaldsverkefni)	1.000.000
Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftafellssýslu og Héraðsskjalasafn Árnesinga	Gjörðabækur sveitarfélaga, hreppstjóra og aðrar bækur sveitarfélaga - gömlu hreppana	1.800.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga	Skjöl sýslunefndar Árnessýslu	1.500.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Gjörðabækur/skýrslubækur sveitarstjórna/hreppstjóra	1.500.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Úttekta og virðingabækur	1.200.000
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	Skönnun á elstu brunavirðingarbókum	1.200.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Gjörðabækur/skýrslubækur sveitarstjórna/hreppstjóra	1.500.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Úttekta og virðingabækur	1.200.000
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	Bréfasafn Mosfellshrepps	1.800.000
Samtals:		16.300.000

Styrkir til héraðsskjalasafna

Í fjárlögum ársins 2020 var fjárveiting til héraðsskjalasafna kr. 31,5 m.kr. Þar af var rekstrarframlag 15,2 m.kr. og verkefnastyrkur 16,3 m.kr.

Beint rekstrarframlag ríkisins til héraðsskjalasafna deildist þannig niður að helmingur framlagsins skiptist á öll söfnin 20. Hinn helmingurinn skiptist jafnt á milli þeirra héraðsskjalasafna sem hafa heilt stöðugildi eða meira. Á árinu 2020 voru 16 héraðsskjalasöfn með heilt stöðugildi eða meira. Rekstrarframlagið er greitt í fjórum greiðslum, í febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. október.

Frá áramótum 2016 var Þjóðskjalasafni Íslands með fjárlögum falið nýtt verkefni, að úthluta til héraðsskjalasafna verkefnisstyrkjum til skönnunar og miðlunar valinna skjalaflokka. Safnið skipulagði verkefnið með því að móta reglur og almenna skilmála um styrkveitingar og útbjó rafrænt

umsóknareyðublað. Við veitingu styrkja 2020 höfðu umsóknir um skönnun og miðlun skjala sem eru frá því fyrir 1940 forgang við úthlutun.

Af þeim 27 umsóknum sem bárust frá 11 héraðsskjalasöfnum voru 16 umsóknir samþykktar.

Heimsóknir á héraðsskjalasöfn

Á árinu 2020 héldu áfram heimsóknir Þjóðskjalavarðar á héraðsskjalasöfn sem hófust árið 2019. Vegna Covid-19 urðu heimsóknirnar þó mun færri en stefnt var að. Á árinu 2020 fór Þjóðskjalavörður í heimsóknir á tvö héraðsskjalasöfn.

Heimsóknir Þjóðskjalavarðar árið 2020

1. júlí – Héraðsskjalasafnið á Akureyri
2. júlí – Héraðsskjalasafn Þingeyinga

10.

KENNSLA Í SKJALFRÆÐI

Háskóli Íslands og Þjóðskjalasafn hafa í langan tíma haft með sér samstarf um kennslu í skjalfræði. Breyting varð á náminu haustið 2020 en þá hófst kennsla í nýrri 30 eininga námsleið, viðbótardiplóma í hagnýtri skjalfræði. Námsleiðin er kennd við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands og er opin öllum sem lokið hafa BA, BS eða B.Ed. prófi og hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við skjalavörslu og skjalastjórn, hvort sem er hjá opinberri stofnun, opinberu skjalasafni eða fyrirtæki. Aðsókn að náminu var framar vonum, en um 30 nemendur voru skráðir í námsleiðina veturinn 2020 – 2021. Það var Helga Jóna Eiríksdóttir, skjalavörður í Þjóðskjalasafni, sem kenndi flest námskeiðin, en Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, kenndi eitt námskeið.

Eftirfarandi námskeið voru kennd á haustmisseri 2020:

- Opinber skjalavarsla og skjalastjórn í fortíð og nútíð.
- Einkaskjalasöfn – varðveisla og notkun þeirra til rannsókna.
- Opinber stjórnsýsla. Námskeið sem kennt er í stjórn málafræðideild. Auk þess var boðið að taka hagnýtt verkefni í skjalfræði.

11.

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmerki og gilda til ársins 2030. Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar. Með henni er leitast við að stuðla að friði um heim allan og auknu frelsi. Hér má sjá hvernig Þjóðskjalasafn tengir starfsemi sína við Heimsmarkmiðin fyrir árið 2020.



- Kaupum inn sanngjarnt framleiddar vörur, t.d. kaffi



- Engin matarsóun



- Samgöngusamningar
- Heilsueflingarmánuður
- Íþróttastyrkir
- Hjólavottun
- Vinnuvernd
- Heilsutengdir fyrirlestrar
- Hjólað í vinnuna



- Markviss starfsþróun
- Starfsmanna- og starfsþróunarsamtöl
- Rannsóknarleyfi
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Framlag Þjóðskjalasafns til háskólamenntunar
- Áhersla á hæft og vel menntað starfsfólk



- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisstefna



- Fylgist með vatnsnotkun



- Fylgst er með rafmagnsnotkun



- Bætt aðgengi að safnkostinum og skilvirk þjónusta til viðskiptavina
- Áhersla á góðan rekstur innan fjárheimilda
- Starfsánægja er mæld
- Fjöldi starfsmanna aukist

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Nýsköpun innan allra fagsviða
- Virk sókn í nýsköpunarsjóð námsmanna og aðra sjóði
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Samstarf við háskóla í kennslu
- Áhersla lögð á nýsköpun í stefnumótun

10 AUKINN JÖFNUÐUR



- Jafnréttisstefna
- Jafnlaunavottun
- Persónuvernd og söfnun upplýsinga

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Ráðgjöf á fagsviðum Þjóðskjalasafns
- Samgöngusamningar við starfsfólk
- Loftslags- og umhverfisstefna
- Réttindi borgaranna og hagur stjórnsýslunnar

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA




- Vistvæn innkaup
- Grænt bókhald
- Loftslagsmarkmið

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



- Umhverfisvænar lausnir
- Loftslagsmarkmið
- Kolefnisjöfnun

14 LÍF Í VATNI



- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið
- Loftslags- og umhverfisstefna

15 LÍF Á LANDI



- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið
- Umhverfisstefna
- Samgöngustefna
- Loftslags- og umhverfisstefna

16 FRÍÐUR OG RÉttlÆTI



- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna gegn einelti og áreitni
- Reglur um heilsu- og öryggismál
- Reglur um persónuvernd

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



- Stefnumótunarvinna ásamt sjö öðrum menningarstofnunum

VIÐAUKI 1.

Stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára 2021-2023

Kjarnastarfsemi				
Markmið 1: Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskylda aðila				
Mælikvarðar		HM	Gögn lögð til grundvallar	
1.	Innkomin frágengin pappírsskjalasöfn	8	Upplýsingar úr afhendingarskrá (hillumetrar (hm))	
2.	Innkomin rafræn skjalasöfn	9	Upplýsingar úr afhendingarskrá gígabæt (Gb)	
3.	Fjöldi eftirlitsheimsókna, ráðgjafarsamtala og funda/ fjöldi þátttakenda á námskeiðum	11	Málaskrá og önnur skráningarkerfi stofnunar	
Markmið 2: Bætt aðgengi að safnkostinum og aukin þjónusta				
Mælikvarðar			Gögn lögð til grundvallar	
1.	Rafræn skjalaskrá	8	Fjöldi færslna	
2.	Fjöldi hillumetra á ári í bættum umbúðum með forvörslu eða endurpökkun	9	Mæling úr geymsluskrá, skýrslur forvarða og skráningarskýrslur	
3.	Fjöldi afgreiddra skjalaeininga / fjöldi svaraðra skriflegra fyrirspurna	11	Pantanakerfi, fyrirspurnarkerfi	
Markmið 3: Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar				
Mælikvarðar			Gögn lögð til grundvallar	
1.	Fjöldi skannaðra (sk) og birtra mynda (bi)	8	Talningar safnsins á skönnuðum / birtum myndum	
2.	Fjöldi rita og blaðsíðna	9	Útgefin rit / bls.fjöldi	
3.	Notkun vefja og gagnasafna	11	Mælingar á árlegri notkun vefja notendur / innlit / flettingar	
Rekstrarþættir				
Markmið 1: Efling mannauðs og starfsánægju				
Mælikvarðar			Gögn lögð til grundvallar	
1.	Jafnlaunavottun		Hlutfall launa kvenna miðað við laun karla, að teknu tilliti til frávika	
2.	Staða verkefnis		Stefnumótun 2020 – 2023, mannauðsstefna	
3.	Niðurstöður úr árlegri könnun „Stofnun ársins“		„Stofnun ársins“ – meðalstórar stofnanir	
Markmið 2: Efling markmiðasetningar og skilvirkra starfsþátta				
Mælikvarðar			Gögn lögð til grundvallar	
1.	Áhættumat, heilbrigðis- og öryggisáætlun, græn skref, staða verkefna		Verkátun, gátlistar	
2.	Skráning þjónustuferla		Hlutfall skráðra þjónustuferla	
3.	Innleiðing verkþókhalds		Hlutfall starfsmanna sem skrá verkþókhald	
Markmið 3: Efling upplýsingatækni og árangursmælinga				
Mælikvarðar			Gögn lögð til grundvallar	
1.	Staða verkefnis - innviðaverkefni		Innviðaverkefni verkátun, útboðslýsing	
2.	Staða verkefnis - mælingar		Verkátun	
3.	Staða verkefnis – Office 365		Verkátun	

Tengist markmiði málaflokks: 18.1 Safnamál; markmið nr. 2: „Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.“			
Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023	
270 hm.	1.500 hm.	1.500 hm.	
1.007 Gb.	1500 Gb.	2.000 Gb.	
250 / 250	250 / 400	250 /400	
Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023	
900.000	1.300.000	1.700.000	
300 hm.	300 hm.	300 hm.	
5.915/1.563	6.000/1.600	6.500/1.700	
Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023	
150.000 (sk) / 150.000 (bi)	60.000 (sk) / 60.000 (bi)	250.000 (sk) / 250.000 (bi)	
7 rit /1320 bls.	5 rit /1.600 bls.	5 rit /1000 bls.	
35.000 not. / 90.000 innl. / 395.000 flet.	40.000 not. / 110.000 innl. / 410.000 flet.	50.000 not. / 150.000 innl. / 500.000 flet.	
Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023	
100% - Jafnlaunavottun samþykkt í lok árs 2018	100% - Viðhalda vottun	100% - Viðhalda vottun	
100% Innleiðing	100% Endurskoðun	100% Endurskoðun	
Einkunn: 4,058	Einkunn: 4,3	Einkunn: 4,4	
Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023	
40%	100%	100%	
25%	100%	100%	
65%	100%	100%	
Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2020	
0%	80%	100%	
50%	100%	100%	
50%	80%	100%	

VIÐAUKI 2.

Starfsmenn Þjóðskjalasafns 1. desember 2020

Anna Elínborg Gunnarsdóttir	Sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs
Arna Matthildur Eggertsdóttir	Skjalastjóri
Árni Jóhannsson	Skjalavörður
Benedikt Eypórsson	Fagstjóri upplýsingaþjónustu
Benedikt Jónsson	Vefstjóri
Bjarni Þórðarson	Húsnæðisstjóri
Brjánn Fransson	Kerfisstjóri
Edvard Kristinn Guðjónsson	Starfsmaður við skjalafrágang
Freyr Snorrason	Skjalavörður
Garðar Kristinsson	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu
Gísli Baldur Róbertsson	Skjalavörður
Gunnar Örn Hannesson	Fagstjóri skráninga
Heiðar Lind Hansson	Skjalavörður
Helga Hlín Bjarnadóttir	Skjalavörður
Helga Jóna Eiríksdóttir	Verkefnastjóri skjalaskrár
Helga Lilja Bergmann	Skjalafulltrúi
Hrefna Róbertsdóttir	Þjóðskjalavörður
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	Verkefnastjóri heimildaútgáfu
Jón Torfi Arason	Skjalavörður
Karen Þóra Sigurkarlsdóttir	Fagstjóri forvörslu
Kristinn Valdimarsson	Skjalavörður
Kristjana Kristinsdóttir	Fagstjóri eftirlits og áðgjafar og lektor í skjalfræði
Kristjana Vigdís Ingvadóttir	Skjalavörður
Logi Sigmundsson	Starfsmaður við skjalafrágang
Margrét Gunnarsdóttir	Skjalavörður
Njörður Sigurðsson	Sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs
Olga Dagmar Erlendsdóttir	Skjalavörður
Ólafur Arnar Sveinsson	Verkefnastjóri þjóðlendurannsókna
Ólafur Valdimar Ómarsson	Skjalavörður
Ragnhildur Anna Kjartansdóttir	Skjalavörður
Ragnhildur Hólmgæirsdóttir	Skjalavörður
Sigríður Andrea Ásgeirsdóttir	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu
Steinunn Steinþórsdóttir	Starfsmaður við afritun
Unnar Rafn Ingvarsson	Fagstjóri miðlunar
Yngvi Leifsson	Skjalavörður

VIÐAUKI 3.

Afhendingar 2019

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
1	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Menntaskólinn við Hamrahlíð	6,1		1970	1989
2	Mæðrastyrsnefnd	Hanna Lára Steinsson	0,03		1992	2007
3	Haukur Steinsson (1933-2013) tannlæknir	Hanna Lára Steinsson	0,02		1971	2013
4	Ættartölubækur	Rúnar Geirsson	0,16			
10	Múlabær þjónustumiðstöð aldraðra og öryrkja.	Múlabær, þjónustumiðstöð aldraðra og öryrkja	0,6			
11	Jón Helgason (1890-1959) bólstrameistari	Erla Bil Bjarnadóttir	0,1		1920	1939
12	Júlíus Kristinn Magnússon (1946-2019) héraðsdómslögmaður	Vera Júlíusdóttir	0,03		1861	1962
13	Sturla Már Jónsson (1947) húsgagna- og innanhússarkitekt	Sturla Már Jónsson	0		1975	2017
14	Félag landfræðinga	Ingunn Ósk Árnadóttir	0,81		1974	2012
15	Viðlagatrygging Íslands	Náttúruhamfaratrygging Íslands	0,96		1954	1989
16	Árneshreppur	Haukur Jóhannesson	5,28		1906	2001
17	Vogalax hf.	Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	0,32		1982	1995
18	Ragna H. Hjartar (1927-2019) bankaritari og Jón F. Hjartar (1916-1996) deildarstjóri	Friðrik J. Hjartar	1,36		1920	2019
30	Davíð Ástráður Gunnarsson (1944) verkfræðingur, framkvæmdastjóri og ráðuneytisstjóri	Davíð Ástráður Gunnarsson	2		1970	2006
56	Frímerkjasala Íslandspósts	Frímerkjasala Íslandspósts	1		2019	2019
62	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	0,03		1951	1954
63	Jarðgufufélagið	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	1,2		1996	2001
131	Guðjón Samúelsson (1887-1950) arkitekt	Pétur Ármannsson	0,03		1923	1923
132	Sósíalistafélag Vestmannaeyja	Hulda Sigtryggisdóttir	0,08		1933	1966
141	Reykjavíkurbíó	Hjalti Pálsson	0,08		1930	1943
151	Starfsmannafélagið Sókn	Sumarliði Ísleifsson	0,03		1976	2011
173	Ísleifur Einarsson (1833-1895) prestur	Ísleifur Jónsson	0,06		1861	1898
178	Jarðboranir ríkisins	Þorgils Jónasson	2,16		1945	1985
181	Sigurður Bjarnason (1912-2001) vörubifreiðarstjóri	Gunndór Ísdal Sigurðsson	0,5		1912	1995
182	Kennaraháskóli Íslands	Sigrún Guðmundsdóttir	0,1		1969	1996
183	Lögreglan á Vestfjörðum	Lögreglan á Ásafirði	0,03		1991	1991
185	Slysavarnafélagið Landsbjörg	Slysavarnafélagið Landsbjörg	2		1967	2019
189	Gjaldþrot/Þrotabú	Bonafide lögmenn	4,14		2017	2019

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
193	Tölvunefnd	Persónuvernd	19,5		1981	2000
194	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	Innanríkisráðuneytið	0,03		1939	1981
198	Ísafjarðarprófastsdæmi	Tryggvi Þorsteinsson	0,03		1949	1949
203	Gjaldprot/Protabú	Jónatansson & co. Lögfræðistofa	0,16		2018	2018
204	Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	20		1973	2018
205	Vilhjálmur Rafnsson (1945) prófessor	Vilhjálmur Rafnsson	5		1951	2020
206	Björn Kristjánsson (1930-1989) útgerðarmaður	Ragnheiður Jósúadóttir	0,05		1954	2019
207	Reykjavíkurprófastsdæmi	Bragi Skúlason	0,06		1942	1966
208	Gunnar Torfason (1932) verkfræðingur	Laufey Gunnarsdóttir	0,03		1946	1948
209	Hreggviður Danielsson (1916-2004) sjómaður	Hreggviður Danielsson	0,01		1942	1981
210	Vopnafjarðarhreppur	Óþekktur	0,01		1866	1868
219	Jón Þorvaldsson (1915-2007) húsgagnasmiður	Rannveig Magnúsdóttir	0,05		1955	1999
220	Sverrir Scheving Thorsteinsson (1928-2018) jarðfræðingur	Brynildur Scheving Thorsteinsson	1,39		1885	2012
221	Haraldur Sigurðsson (1913-2001) vélvirki	Sigríður Helga Sverrisdóttir	0,05		1912	1997
222	Reykjavíkurapótek	Brynildur Scheving Thorsteinsson	0,16		1915	1973
223	AVS - rannsóknarsjóður til að auka virði sjávarfangs	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	14		2003	2020
224	Guðmundur H. Garðarsson (1928) alþingismaður	Björn Jón Bragason	5		1960	2010
225	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	0,03		1982	2006
226	Ólafur Helgi Jónsson (1905-1973) framkvæmdastjóri og Sigbrúður Guðjónsdóttir (1908-1984) húsfreyja	Gunnar Örn Ólafsson	0,01		1931	1931
230	Icelandair	Icelandair	450		1937	2010
251	Sýslumaðurinn í Reykjavík	Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu	43		1930	2009
252	Broddi Jóhannesson (1916-1994) sálfræðingur og rektor	Kristín Indriðadóttir	2,5		1938	1990
253	Ragnheiður Hansdóttir (1942) tannlæknir	Ragnheiður Hansdóttir	5		1989	2019
254	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4		1974	1989
273	Varnarliðið á Íslandi	Landhelgisgæsla Íslands	100		1946	2006
286	Pétur Thorsteinsson (1917-1995) sendiherra	Björgólfur Thorsteinsson	1,2			
287	Steinunn Lilja Emilsdóttir (1983) myndlistarkona	Steinunn Lilja Emilsdóttir	0,01		1928	1990
288	Rósa B. Blöndals (1913-2009) skáld og kennari	Jóhanna Rósa Arnardóttir	0,22		1923	2005
289	Páll Jónsson (1880-1962) innheimtumaður og bókbindari	Sigurður Steinarsson	0,08			
290	Helga Jóna Ásbjarnardóttir (1943-2020) sjúkraliði	Ásbjörn Leví Grétarsson	0,6			
292	Endurhæfingarstöðin Glerárgötu	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	1		1986	2006
293	Gjaldprot/Protabú	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	4,75		2011	2014

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
294	Flugmálastjórn	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	4,6		1954	1995
295	Augnlæknastofan Kaupangi við Mýrarveg	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	6,4			
296	Héraðslæknirinn á Norðurlandi eystra	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	17,8		1907	1992
297	Öldrunarheimili Akureyrar	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	30,4			
298	Fasteignamat ríkisins	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	3,75		1940	1976
299	Heilsugæslustöðin á Akureyri	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	12,5		1901	1983
300	Rafmagnsveitur Ríkisins - RARIK	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	8,2			
301	Landssími Íslands / Póstur og Sími	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	10,3		1900	1970
302	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	0,5		1990	1995
303	Helga Guðrún Erlingsdóttir (1956) hjúkrunarfræðingur / Anna Ólafsdóttir (1954) hjúkrunarfræðingur / Kristín Aðalsteinsdóttir (1946) prófessor	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	0,54		1989	2010
304	Skeggjastaðir á Langanesströnd - prestakall	Aðalbjörg Sigmarsdóttir	0,08		1944	1976
305	Hæstiréttur Íslands	Hæstiréttur Íslands	0,01		2020	2020
306	Sigurður Kristjánsson (1897-2001) húsgagnasmiður og listmálari	Halldór E. Eyjólfsson	0,28		1920	2000
307	Pingvallaprestakall	Torfi Stefán Jónsson	0,16		1974	1994
310	Ratsjárstofnun	Landhelgisgæsla Íslands	46,5		1946	2008
311	Sigurður Magnússon (1928-2017) húsgagna- og húsasmiðameistari í Reykjavík og Anna Ásdís Danielsdóttir (1929-2019) húsfreyja	Stefnir Páll Sigurðsson	0,05		1934	1990
312	Daniel Kristján Oddsson (1890-1941) loftskeytamaður og Jóhanna Júlíana Friðriksdóttir (1895-1979) húsfreyja	Stefnir Páll Sigurðsson	0,01		1915	1979
313	Jóhanna Danielsdóttir (1925-2005) skrifstofu- og verslunarkona	Stefnir Páll Sigurðsson	0,01		1941	1956
314	Eyjólfur Magnússon Scheving (1942) kennari	Eyjólfur Magnússon Scheving	0,35		1993	2019
316	Gjaldþrot/Þrotabú	Advel lögmenn slf.	4		2013	2017
317	Sigfús Sigurhjártarson (1902-1952) alþingismaður og bæjarfulltrúi	Kolbeinn Bjarnason	0,3		1906	1970
318	Einar Sveinsson (1906-1973) arkitekt	Jóhanna Vigdís Þórðardóttir	0,3		1894	2009
319	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Menntaskólinn við Hamrahlíð	6,5		1966	2014
320	Ólafur Þorgrímsson (1902-1989) hæstaréttarlögmaður	Kjartan Reynir Ólafsson	0,01		1919	1929
321	Ormur Sverrisson (1853-1945) bóndi og Guðrún Ólafsdóttir (1853-1948) húsfreyja	Berglind Ósk Sigurðardóttir	0,03		1918	1941
322	Alexander Einbjörnsson (1922-2015) handverksmaður og fjölskylda	Ragnheiður Kristín Alexandersdóttir	0,53		1901	1993
323	Ásmundur Stefánsson (1945) hagfræðingur	Ásmundur Stefánsson	0,13		1961	2005
324	Kvenfélag Garðabæjar	Ágústa Magnúsdóttir	0,4			
325	Jódís Jónsdóttir (1927-2012) skrifstofumaður og endurskoðandi	Vala og Margrét Ólafsdætur	0,5			
326	Jón Vídalín (1666-1720) biskup	Skúli Kristinn Gíslason	0,01		1717	1718

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
327	Æskulýðsnefnd alþýðubandalagsins	Guðmundur Guðlaugsson	0,03		1980	1984
328	Alþýðuskóli Þingeyinga á Laugum í Reykjadal	Guðmundur Guðlaugsson	0,03		1923	1945
329	Skólanefnd Helgafellssveitar	Jón Torfason	0,05		1908	1966
330	Anna G. Björnsdóttir (1909-1993) húsfreyja og skáld	Gunnlaugur Guðmundsson	0,1		1925	1992
331	Brunabótafélag Íslands	Herdís Ellen Gunnarsdóttir	0,03		1933	1964
334	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	Heilbrigðisráðuneyti	0,08		1974	1982
335	Elísabet Jökulsdóttir (1958) rithöfundur og skáld	Afhent fyrir hönd Elisabetar	1		1973	2019
336	Sóknarnefnd Kálfatjarnarsóknar	Símon Rafnsson	0,1		1941	1981
337	Ásgeir Ó. Einarsson (1906-1989) dýralæknir	Seltjarnarnesbær	0,1		1946	1978
338	Heilsugæslan Garðabæ	Sveinn Magnússon	0,3		1983	1997
339	Læknafélagið Eir	Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir	0,05		1947	1977
340	Úlfar Þormóðsson (1944) rithöfundur, blaðamaður og ritstjóri	Úlfar Þormóðsson	0,5			
341	Jón úr Vör Jónsson (1917-2000) skáld og rithöfundur	Karl Jónsson og fjölskylda	2		1930	2000
342	Hæstiréttur Íslands	Hæstiréttur Íslands	0,64		1945	1988
343	Gréta Halldórsdóttir (1937-2020) bankaritari í Reykjavík	Auður Gilsdóttir	0,3			
344	Auðbjörg María Guðlaugsdóttir (1900-1986) húsfreyja frá Gerði	Örlygur Árnason	0,03		1920	1972
345	Guðlaug Magnúsdóttir (1925-2020) húsfreyja í Reykjavík	Örlygur Árnason	0,16		1914	1986
346	Dýrfinna Gunnarsdóttir (1889-1979) kennari og húsfreyja	Örlygur Árnason	0,01		1913	1979
347	Rögvaldur Rögnvaldsson (1921-1987) vélstjóri	Örlygur Árnason	0,01		1970	1972
348	Magnús Gunnarsson (1896-1973) bóndi í Ártúnum í Rangárbírgi	Örlygur Árnason	0,01		1922	1972
349	Lögreglan í Reykjavík	Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu	250		1996	1998
350	Lögreglan í Kópavogi	Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu	100		1996	2007
351	Lögreglan í Hafnarfirði	Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu	100		1996	2007
352	Þjóðminjasafn Íslands	Þjóðminjasafn Íslands	5		1900	1990
354	LBI ehf. Slitastjórn Landsbankans	LBI ehf. Slitastjórn Landsbankans		5,6		
355	Gizur Bergsteinsson (1902-1997) hæstaréttardómari	Dagmar Sigurðardóttir	0,5		1924	1992
356	Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili	Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili	1		2008	2009
357	Tryggvi Jónsson (1955) endurskoðandi	Tryggvi Jónsson	0,08		1996	1998
359	Hæstiréttur Íslands	Dagmar Sigurðardóttir	0,05		1932	1933
360	Borgarfógeti	Dagmar Sigurðardóttir	0,05		1930	1930
361	Sýslumaðurinn í Gullbringu og Kjósarsýslu og bæjarfógetinn í Hafnarfirði	Dagmar Sigurðardóttir	0,08		1932	1934

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
362	Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Ísafirði	Dagmar Sigurðardóttir	0,08		1934	1934
363	Sýslumaðurinn í Árnessýslu	Dagmar Sigurðardóttir	0,08		1935	1935
364	Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið	Dagmar Sigurðardóttir	0,08		1945	1952
365	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Dagmar Sigurðardóttir	0,08		1906	1935
366	Félag Íslendinga í Malmö og nágrenni	Njörður Snæland	0,05		1970	1994
367	Ríkiseignir	Ríkiseignir	18,5		1749	2020
368	Benedikt Davíðsson (1927-2009) húsasmiður og verkalýðsforingi	Finnbjörg Guðmundsdóttir	0,58		1931	2009
369	Guðbjörg Halldóra Einarsdóttir (1926) húsfreyja	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	0,03		1945	1948
370	Teitur Jónsson (1947) tannréttingasérfræðingur og dósent	Teitur Jónsson	16		1985	2009
371	Varnarmálastofnun	Landhelgisgæsla Íslands	1,76		2003	2017
372	Lyfjagreiðslunefnd	Lyfjagreiðslunefnd	9,5		2004	2020
373	Íslandsbanki og Útvegsbankinn á Akureyri	Einar Gautur Steingrímsson	0,13		1916	1935
374	Byggingarnefnd Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar	Landhelgisgæsla Íslands	1,36		1947	2007
375	LBI ehf. Slitastjórn Landsbankans	LBI ehf. Slitastjórn Landsbankans		0,0013		
376	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	18,24		1945	2013
377	Heilsugæsla Rangárbíngs	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	3,92		1954	2012
378	Lögreglan í Árnessýslu	Lögreglustjórnin á Suðurlandi	20,25		1981	2001
379	Skatturinn	Skatturinn		21,7		
380	Skatturinn	Skatturinn		580	2009	2009
381	Gjaldprot/Protabú	Jónatansson & co. Lögfræðistofa	0,11		2019	2020
Samtals hillumetrar af pappírsgögnum			1415,33 hm.			
Samtals gígabæt af rafrænum gögnum			607,3013 Gb.			

VIÐAUKI 4.

Útgefnar bækur og skýrslur

Bækur:

Landsnefndin fyrri 1770-1771. V. Embættisbækur nefndarinnar.

Ritstjórar: Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands, Ríkisskjalasafn Danmerkur, Sögufélag, Reykjavík 2020.

Skýrslur:

Skjalavarsla og skjalastjórn ríkisins 2020. Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns.

Ritstjóri: Njörður Sigurðsson. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík 2020. <https://skjalasafn.is/files/docs/skjalavarsla-skjalastjorn-rikisins-2020.pdf>

VIÐAUKI 5.

Erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns

Anna Elínborg Gunnarsdóttir

„Grænt Þjóðskjalasafn“. *Nordisk Arkivnyt*, 2020/1, bls. 30.

„Græn skref – Þjóðskjalasafn.“ Erindi flutt á morgunverðarfundum Grænna skrefa 21. október 2020.

Árni Jóhannsson

„Áætlun um aukið eftirlit og fræðslu í Þjóðskjalasafni“. Erindi flutt á (vor)ráðstefnu Þjóðskjalasafns 15. september 2020.

Benedikt Jónsson

„Nordisk Arkivdag 2019“. *Nordisk Arkivnyt*, 2020/1, bls. 31.

Gunnar Örn Hannesson

„Hagsögusafn í tíma og rúmi“. Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands, 8. desember 2020.

Helga Hlín Bjarnadóttir

„Húsagi og landsagi í uppkasti Þorkels Fjeldsteds að landsagatilskipun“. Erindi flutt í útgáfuhófi 5. bindis Landsnefndarinnar fyrri, í Þjóðskjalasafni Íslands 27. október 2020.

„Húsagi og landsagi á 18. öld. Landsagatilskipun Þorkels Fjeldsteds frá 1771“. *Landsnefndin fyrri 1770-1771. V. Fundargerðir og bréf nefndarinnar.* Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands, Ríkisskjalasafn Danmerkur, Sögufélag; Reykjavík 2020, bls. 31-63. (einnig í danskri þýðingu).

Hrefna Róbertsdóttir

„Dremningarnir í Landsnefndinni. Hugmyndir, úrvinnsla og tillögur“. Erindi flutt í útgáfuhófi 5. bindis Landsnefndarinnar fyrri, í Þjóðskjalasafni Íslands 27. október 2020.

„Póstsagan og varðveisla frímerkja á Þjóðskjalasafni“. Erindi flutt á málstofunni *Póstmenn koma víða við - Málstofa um póst- og frímerkjasögu*, sem haldin var sameiginlega af Þjóðskjalasafni Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og Samgöngusafninu á Skógum 1. desember 2020.

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

„Kostnaður konungs vegna Landsnefndarinnar fyrri.“ Erindi flutt í útgáfuhófi 5. bindis Landsnefndarinnar fyrri, í Þjóðskjalasafni Íslands 27. október 2020.

Ásmundur Jónsson og Vilborg Jónsdóttir, Ytri-Lyngum, Meðallandi, Vestur-Skaftafellssýslu og afkomendur. Ritnefnd Bjartey Friðriksdóttir, Bjartey Sigurðardóttir, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, Regína Hallgrímsdóttir og Vigfús Hallgrímsson. Rit gefið út í tilefni fyrirhugaðs ættarmóts Ásmundur og Vilborgar. Kópavogur 2020.

Jón Torfi Arason

„1.000 protokoller af uvis proveniens.“ *Nordisk Arkivnyt* 65:1 (2020), bls. 32-33.

„1000 bækur af óljósum uppruna. Hagsögusafn Þjóðskjalasafns Íslands - endurskoðað og endurskráð.“ Rannsóknardagur Þjóðskjalasafns Íslands, 8. desember 2020.

Kristjana Vigdís Ingvadóttir

„Stríð Dana við Þjóðverja og fjársöfnun Íslendinga í Vesturamti 1848-1850“, *Saga LVIII:2* (2020), bls. 147-156.

Njörður Sigurðsson

„Covid-19 og Íslands Nationalarkiv.“ *Nordisk Arkivnyt* 65:1 (2020), bls. 11-12.

„A snapshot of archival displacement.“ *Flash – News from ICA* 40 (2020), bls. 8. Ásamt James Lowry.

„Kynning á niðurstöðum eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2020.“ Erindi flutt á (vor)ráðstefnu Þjóðskjalasafns 15. september 2020.

S. Andrea Ásgeirsdóttir

„Rafræn skjala- og gagnavarsla – hvað þarf til?“ Erindi flutt á (vor)ráðstefnu Þjóðskjalasafns 15. september 2020.

Unnar Rafn Ingvarsson

„Dokumenter fra Anden Verdenskrig – registrering og formidling“ *Nordisk Arkivnyt* 65:1 (2020), bls. 34-36.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS